



FRÉTTABLAÐIÐ



Það hefur eflaust verið andakt þegar góðkunnu tónlistarmennirnir KK og Mugison léku fyrir gesti í purpurrauðum bjarma í Fríkirkjunni í Reykjavík í gærkvöldi. Þótt tónleikhald hafi liðið fyrir sam-
komutakmarkanir hefur tilkoma hraðprófa gert viðburðina mögulega á nýjan leik. Fyrir þá sem tónleikar eru ómissandi hluti af jólnunum er því enn von.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÐÓR

Óánægja með lyktir talningarmálsins

Niðurstaða nýrrar skoð-
anakönnunar um afstöðu
til afgreiðslu Alþingis á
talningarmálinu, endur-
speglar alvarleika málsins að
mati stjórn málafræðings.

adalheidur@frettabladid.is
arnartomas@frettabladid.is

STJÓRN MÁL Aðeins rúmlega þrið-
jungur fólks á kosningaaldri er
ánægður með hvernig Alþingi lauk
afgreiðslu talningarmálsins svo-
kallaða, samkvæmt nýrri skoðana-
könnun Prósents. Af þeim sem tóku
þátt í könnuninni eru 46 prósent
óánægð með að seinni talningin í
Norðvesturkjördæmi hafi verið látin
standa.

„Þetta endurspeglar auðvitað

það að atburðirnir sem áttu sér
stað í norðvestri voru alvarlegir og
meiriháttar klúður. Þeir hafa örugg-
lega orðið til þess að rýra traust á
kosningafyrirkomulaginu upp að
einhverju marki, þótt það traust sé
líklega ekkert horfið,” segir Eiríkur
Bergmann, prófessor í stjórnmála-
fræði.

Eiríkur segir niðurstöðu könn-
unarinnar þó ekki koma á óvart.
„Þetta er það sem við mátti búast
miðað við alvarleika málsins. Það
er líka erfitt að átta sig á hvað hinir
óánægðu hefðu viljað gera í staðinn.
Hvort þeir hefðu viljað láta fyrri
talningu standa, hvort þeir hefðu
viljað láta kjósa aftur í Norðvestur-
kjördæmi eða hvort kosningarnar
yrðu í heild sinni ógildar. Það liggur
ekki fyrir,” segir Eiríkur. **SJÁ SIÐU 4**




Þetta er það sem við
mátti búast miðað við
alvarleika málsins.



Eiríkur Berg-
mann, prófessor
í stjórnmála-
fræði.

Niðurstaða nýrrar könnunar

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur)ertu
með að seinni talningin í Norðvestur-
kjördæmi gildi og að ekki verði boðað
til uppkosningar?



■ Ánægð/ur 35%
■ Hvorki né 19%
■ Óánægð/ur 46%

Ástand húsnæðis skólanna bagalegt

LÝÐHEILSA Nýútgefin skýrsla um
húsnæði leik- og grunnskóla í eigu
Reykjavíkurborgar, sýnir dökka
mynd af ástandi þeirra. Ástands-
úttekt var gerð innanhúss- og utan-
húss á öllum eignunum sem eru alls
136.

Niðurstöður skýrslunnar sýna að
þrátt fyrir að viðhaldsfé hafi verið
aukið undanfarin ár, er til staðar
uppsöfnuð viðhaldsþörf. Meðal-
aldur húsnæðisins er 45 ár og mis-
hár eftir hverfum, en meðal annars
var varpað ljósi á rottugang, raka-
skemmdir, sprautunálar og slæma
hljóðvist.

Meirihlutinn í borginni benti í
bókun sinni um málið á að undan-
farin fjögur til fimm ár hafi við-
haldsfjármagn þrefaldast. **SJÁ SIÐU 10**

Gjafakort ...
Fyrir gómsætar og
góðar gjafir!

KRÓNAN
GJAFAKORTIÐ ÞITT

KRÓNAN
GJAFAKORTIÐ ÞITT

KRÓNAN



Móa er enskur springer spaniel.

Lögreglan í Eyjum fær fíkniefnahund

arnartomas@frettabladid.is

SAMFÉLAG Kiwanisklúbburinn Helgafell samþykkti í október að veita lögregluembættinu í Vestmannaeyjum styrk á aðra milljón króna til kaupa á fíkniefnaleitarhund. Hundurinn, sem hefur nú hlotið nafnið Móa, er mættur til landsins og hefur þegar hafið þjálfun. Móa, eða Sunny eins og hún hét áður, er flutt inn frá Englandi og er enskur springer spaniel. Hún hefur nýlega hafið þjálfun undir leiðsögn Heiðars Hinrikssonar lögreglu-manns og er að sögn kraftmikill hvölpur.

Í tilefni af gjöfinni mættu félagar úr Helgafelli á lögreglustöðina í Vestmannaeyjum með gjafabréf til formlegrar afhendingar þar sem þeim var tekið með kaffi og konfekt. Helgafellsfélagar óska Máu góðs gengis í störfum sínum í náninni framtíð og vona að leitarhundurinn verði góð forvörn úti í Eyjum. ■

Undirbúa úthlutanir



Aðalheiður Franzdóttir, framkvæmdastjóri Mæðrastyrksnefndar, og Jónína Unnur Gunnarsdóttir sjálfboðaliði, á fullu við að undirbúa fyrir matarúthlutanir sem standa yfir í dag og á morgun. Úthlutanir fyrir þá sem sótt hafa um hefjast klukkan 10 í dag og segir Aðalheiður að búist sé við um 1.100 manns.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR GÍSLASON

Kjartan sýknaður í máli Semu Erlu

adalheidur@frettabladid.is

DÓMSMÁL Kjartan Arnar Geirdal Einarsson var í gær sýknaður í meidryðamáli sem ákærvaldið höfðaði gegn honum vegna ummæla sem hann lét falla um Semu Erlu Serdar á Facebook haustið 2019.

Kjartan var ákærður fyrir ummæli á Stjórnmalaspjallinu við frétt með fyrirsögninni: „Sema Erla fær sér Ataturk húðflúr“.

Kjartan var ákærður á grundvelli ákvæðis um hatursorðræðu en samkvæmt ákæru eru ummælin: „Nenniir einhver annar en ég að taka Birnu á hana,“ sem Kjartan gekkst við að hafa ritað, talin hafa opinberlega ógnað Semu Erlu vegna þjóðernis hennar og til þess fallin að vekja hjá henni ótta um líf sitt og velferð.

Í forsendum dómsins sem kveðinn var upp í Héraðsdómi



Þetta er ekki fyrsta dómsmálið sem fjallar um meint brot gegn Semu.

Reykjavíkur í gær, segir að ákærvaldinu hafi ekki tekist að sýna fram á hvernig ummælin sem um ræðir tengist þjóðerni Semu Erlu svo ákærði geti talist hafa með þeim opinberlega ógnað Semu Erlu vegna þjóðernis hennar og þar með gerst brotlegur við umrætt ákvæði almennra hegningarlaga. Hann var því sýknaður. ■

Hefur enga trú á refsingum

Guðjón Marteinsson hefur kveðið upp þúsund dóma í málum sem sæta aðalmeðferð. Hann þykir mildur í garð dómþola en kröfuharður við ákærvaldið.

adalheidur@frettabladid.is

DÓMSTÓLAR „Þótt menn séu að dæma í sakamálum alla daga frá morgni til kvölds, þá er ekkert víst að menn hafi tröllatru á refsingum,“ segir Guðjón St. Marteinsson, héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, sem kvað upp sinn þúsundasta dóm í máli sem sætti aðalmeðferð, í gær.

Um Íslandsmet er að ræða sem Guðjón telur að vart verði slegið.

Guðjón hefur verið í sakamálum alla sína dómaratíð, fyrst í sérstökum sakadómi í ávana- og fíkniefnum snemma á níunda áratugnum.

„Þetta var allt öðru vísi í gamla daga. Þá reyktum við í þinghöldunum,“ segir hann og rifjar upp stemninguna í fíkniefnadómstólunum, sem starfaði eftir þágildandi rannsóknarréttarí.

Í skýrslutökum fyrir dómi reykti Guðjón vindil en Ásgeir heitinn Friðjónsson rannsóknardómari reykti Camel og bauð hann gjarnan sakborningum úr pakka sínum.

„Þá mynduðust í rauninni ákveðin tengsl milli okkar sem störfuðum í dómnum og krimmanna,“ segir Guðjón og bætir við: „Þegar Ásgeir dó, þá mætti fullt af mönnum í jarðarförina sem við vorum búnir að vera að úrskurða í gæsluvarðhald og dæma. Þetta myndi ekki gerast í dag, við Héraðsdóm Reykjavíkur.“

Guðjón er ýmsu vanur og oft hefur spennan í þinghöldum verið rafmögnum. Í eitt skipti þegar Guðjón kvað upp sýknudóm yfir virðulegum lögmanni, sem ákærður var fyrir auðgunarbrot, segir Guðjón að saksóknarinn hafi hræðst hinn nýsýknaða lögmann svo mjög að hann hafi beðið um að fá að verða



Guðjón hefur aldrei kveðið upp sakfellingardóm sem snúið hefur verið við á æðra dómstigi.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Þegar Ásgeir dó, þá mætti fullt af mönnum í jarðarförina sem við vorum búnir að vera að úrskurða í gæsluvarðhald og dæma. Þetta myndi ekki gerast í dag.

Guðjón St. Marteinsson, héraðsdómari

samferða Guðjóni út um bakdyr á dómshúsinu.

Guðjón hefur það orð á sér að vera ákærvaldinu erfiður, og mildur í garð afbrotamanna. „Ég gef engan afslátt,“ segir Guðjón um lög og reglur sem gilda um rannsóknir sakamála, en þess má geta að þrátt fyrir mikinn málafjölda, hefur Guðjón aldrei kveðið upp sakfellingardóm sem snúið hefur verið í sýknu

af æðra dómstigi.

Aðspurður um mildina gerir Guðjón játningu: „Ég hef ekki nokkra trú á refsingum. Þess vegna eru þær alltaf svona lágar hjá mér,“ segir hann og kímur. „Þetta er bara mín lífs-sköðun,“ bætir hann við og nefnir fíkniefnamálin sem dæmi. Það þurfi ekki langa umræðu til að sjá þær ógöngur sem menn séu komnir í á þeim vettvangi til dæmis í Bandaríkjunum en einnig hér á Íslandi.

Guðjón hefur hins vegar átt meiri samskipti við glæpastétt landsins en flestir og hefur því ágæta inn-sýn í hugarheim svokallaðra góðkunningja lögreglunnar.

„Maður veit alveg hvað er að hjá þessum strákum, því oftast eru þetta finir strákar. Bæði eru þeir greindir og gætu gert það sem þeir vildu. Þeir þurfa bara að láta renna af sér.“ Taka þurfi hugarfar þeirra sjálfrá með í reikninginn þegar refsing sé ákveðin.

Það vinnist ekkert með því að þeir sem hafi leitað sér hjálpar og geti komið lífi sínu á réttan kjöl, séu „sendir austur á Litla-Hraun í fleiri mánuði eða ár.“ ■



JOE BOXER®

Náttföt, nærföt og heimaföt.
1. hæð Kringlu - joeboxer.is

BOSS
HUGO BOSS

SAND
COPENHAGEN

POLO
RALPH LAUREN

Stenströms

EMPORIO

ARMANI

eterna

gardeur

HUGO
HUGO BOSS

CANALI

LES DEUX
copenhagen

OSCAR
JACOBSON

Bruun & Stengade

Benvenuto.

FINUCCI

bugatti

TINO COSMA

BARKER
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880


LLOYD



Troðfull verslun af merkjavöru

30-60%

afsláttur af öllum vörum



Herra
Lagerinn
outlet
líka fyrir konur

Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen) Ópið virka daga frá kl. 11 til 18 laugardaga frá kl. 11 til 17 sunnudaga frá 13 til 17 Sími 568 9512



Jól í Skeifunni. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Jólakvöld í Skeifu

gar@frettabladid.is

VERSLUN Um tuttugu verslanir í Skeifunni hafa tekið sig saman og efna til sérstaks Jólakvölds í Skeifunni í kvöld.

Ad sögn Ásthildar Elínar Einarsdóttur hjá versluninni Home&You er þetta í fyrsta skipti sem slíkt Jólakvöld er í Skeifunni. Segir hún verslanirnar sem taka þátt, bjóða afslátt af vörum sínum í tilefni dagsins og jafnvel verða með ýmislegt til skemmtunar í kvöld. Í stað þess að loka síðdegis verður opið til klukkan 22.

Ad sögn Ásthildar sér verslunarfolk í Skeifunni fyrir sér að Jólakvöldið marki upphaf að fleiri slíkum viðburðum í Skeifunni á öðrum tímum árs. ■



Stöðugildi geðlækna eru 19,7 en þurfa að vera 31 að mati spítalans.

Ellefu geðlækna vanti á spítalann

adalheidur@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Fjölga þarf stöðugildum geðlækna á Landspítalanum um ellefu, að mati spítalans. Þetta kemur fram í svari heilbrigðisráðherra við fyrirspurn þingmannsins Önnu Kolbrúnar Árnadóttur.

Á spítalanum starfi 22 geðlækna í 19,7 stöðugildum. Til að tryggja viðunandi þjónustu og til að sinna kennslu og þjálfun, þurfi 31 stöðugildi geðlækna, að mati spítalans.

Þá segir að frá sumrinu 2020 hafi þessi verð auglýst eftir geðlækni. Einungis hafi borist umsóknir frá erlendum aðilum en tveir voru ráðnir og von er á að árangur verði af þriðju auglýsingunni nú í mars með ráðningu eins einstaklings. ■

Hjáleiðir í einkasölu opinberi gótótt áfengislög

arib@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Félag atvinnurekenda, FA, telur brýnt að ráðast í heildarendurskoðun á áfengislögum. Fram kemur í bréfi sem Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA, sendi Jóni Gunnarssyni dómsmálaráðherra í gær, að ráðuneytið hafi ekki svarað erindum um hvort starfsemi áfengisverslana með erlendra kennitölu á netinu sé lögleg hér á landi.

Ráðuneytið sagði í svarbréfi til félagsins í október að breyta þyrfti lögum til að reka vefverslanir með áfengi á íslenski kennitölu. ÁTVR hefur stefnt eignum verslananna fyrir dómstóla.

Í bréfi Ólafs segir að fleiri leiðir séu fram hjá einkarétti ÁTVR á áfengisölu, þar á meðal bein sala brugghúsa. „Þrátt fyrir að lagaheimild skorti er það opinbert leyndarmál að mörg smærri brugghús selja



Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA

gestum sínum áfengi í neytendumbúðum til neyzlu annars staðar," segir í bréfinu. „Þriðja leiðin framhjá áfengiseinkasölu eru svokallaðir vín- eða smökkunarklúbbar, þar sem meðlimir kaupa í smásölu af innflytjendum vín, sem aldrei fara um sölukerfi Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins.“ Í ljósi þess að stjórnvöld geri ekki athugasemd við slíka starfsemi, telur Ólafur að bann áfengislaga sé orðið býsna gótótt. ■

Skýr flokkamunur í talningarmálinu

Kjösendur Sjálfstæðisflokksins skera sig úr í afstöðu til staðfestingar Alþingis á kjörbréfum. Sjötíu prósent þeirra eru sáttir við niðurstöðuna. Meiri óánægja er í öðrum flokkum.

adalheidur@frettabladid.is
arnartomas@frettabladid.is

STJÓRN MÁL Fólk á aldrinum 25 til 44 ára er óánægðast með afgreiðslu Alþingis á talningarmálinu svokallaða, samkvæmt niðurstöðum nýrrar könnunar Prósents. Aðeins 27 prósent þessa aldurshóps eru ánægð með afgreiðslu þingsins. Yfir fimm tíu prósent þessa aldurshóps eru hins vegar óánægð með lendingu málsins.

Ánægja með afgreiðslu þingsins vex svo með hækkandi aldri en ánægjan nær þó ekki yfir 50 prósent í neinum aldurshópi.

Litill munur er á afstöðu kynjanna til málsins en karlar eru þó ívið ánægðari með afgreiðslu þingsins en konur. Svipada sögu er að segja um afstöðu eftir búsetu. Landsbyggðin er ívið ánægðari með niðurstöðu málsins á þingi en fólk af höfuðborgarsvæðinu.

Ánægja mælist minnst meðal þeirra sem minnst hafa tekjur en fjórðungur þeirra er einnig fjölmennasti hópur þeirra sem segist hvorki ánægður né óánægður með afgreiðslu þingsins á málinu.

Mest mun má sjá meðal versenda könnunarinnar þegar svör eru greind eftir því hvernig þátttakendur kusu í alþingiskosningunum. Þannig eru sjötíu prósent kjósenda Sjálfstæðisflokksins ánægð með afgreiðslu þingsins á málinu og 52 prósent kjósenda Framsóknar. Aðeins 38 prósent kjósenda Vinstri grænna eru ánægð með afgreiðslu þingsins en 40 prósent þeirra eru óánægð.



Ríkisstjórnarflokkarnir eru auðvitað ánægðari með þessar niðurstöður, sér í lagi kjósendur Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins.

Þingflokkur VG klofnaði í atkvæðagreiðslu um málið þar sem nokkrir þingmenn flokksins greiddu atkvæði gegn því að staðfesta kjörbréf þeirra sem náðu kjöri vegna seinni talningar í Norðvesturkjördæmi, en aðrir þingmenn flokksins greiddu atkvæði með staðfestingu allra kjörbréfa.

Mun fleiri kjósendur Miðflokksins og Flokks fólksins eru óánægðir en þeir kjósendur flokkanna sem ánægðir eru með lendingu þingsins. Þingmenn beggja flokka greiddu atkvæði með staðfestingu kjörbréfa á grundvelli seinni talningarinnar.

Mun meiri óánægja er þó með niðurstöðu þingsins meðal kjósenda annarra stjórnarandstöðuflokka. Mest er óánægjan meðal kjósenda Pírata, þar sem 84 prósent eru óánægð með niðurstöðuna.

„Ríkisstjórnarflokkarnir eru auðvitað ánægðari með þessar niðurstöður, sér í lagi kjósendur Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins," segir Eiríkur Bergmann, prófessor við Háskólann á Bifröst. Hann segir þó koma á óvart hve munurinn milli kjósenda flokkanna sé mikill.




Birgir Ármannsson, formaður kjörbréfanefndar, þótti af mörgum standa sig vel í því hlutverki.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Viðhorf til málsins eftir stuðningi við flokka í kosningunum

■ Vel ■ Hvorki né ■ Illa



„Þetta fellur líka saman við aðra línu í íslenskum stjórnmálum. Það er þessi þungamiðja í íslenska flokkakerfinu – fylgjendur þeirra flokka eru ánægðari með niðurstöðurnar en kjósendur þeirra flokka sem hafa stillt sér upp sem kerfisbreytingaflokkar.“

Athygli vekur að rétt tæpur helmingur þeirra sem segjast ekki

hafa kosið, eða 49 prósent, segjast óánægð með lendingu þingsins.

Könnunin var framkvæmd dagana 1. til 10. desember 2021. Um netkönnun var að ræða meðal könnunarhóps Prósents. Könnunin var send til 2.300 einstaklinga 18 ára og eldri. Svarendur voru 1.141 og svarhlutfallið 49,6 prósent. ■

960.000 KR VSK VERÐHÆKKUN UM ÁRAMÓT*

ALVÖRU JEPPI – ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

5 ÁRA ÁBYRGÐ

8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFHLÖÐU

PLUG-IN HYBRID



JEEP COMPASS LIMITED

TROÐFULLUR AF AUKABÚNAÐI 6.999.000 KR.



JEEP RENEGADE TRAILHAWK

TROÐFULLUR AF AUKABÚNAÐI 6.199.000 KR.

*Verð á Compass og Renegade hækkar um 480.000-960.000 um áramótið, vegna VSK hækkana. Nánari útskýringar fást hjá sölumönnum.



UMBODSADILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16



Hyundai TUCSON PHEV

Verð frá: **5.790.000** kr.

Hyundai KONA EV

Verð frá: **5.290.000** kr.



Hyundai gerir gott enn betra.

Nýr Tucson tengiltvinnbíll og
100% rafdrifinn Kona. Betri og betri.

Þetta er ekki bara þróun, heldur hrein umbylting: Nýr Tucson með skarpri hönnun og öflugri aksturseginnleikum án þess að fórn nokkru af jepplingseiginleikum með drægni á rafhlöðu allt að 62km*. Nýr 100% rafdrifinn Kona með óviðjafnanlega 484km* drægni kemur þér glæsilega á alla daglega áfangastaði og í langferðirnar líka. Komdu, skoðuðu og reynsluaktu þessum frábæru bílum.



Hyundai | Kaupúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

www.hyundai.is



Hyundai býður eina víðtækustu ábyrgð sem til er. Ábyrgð á öllum nýjum Hyundai bílum er sjö ár/150.000 km akstur, hvort sem kemur á undan. Átta ár/160.000 km ábyrgð er á rafhlöðum. Staðbundnir skilmálar gilda. Kynntu þér allt um ábyrgðina á hyundai.is



Lottókúlunum hefur fjölgað.

Krefjast breytinga á lottóreglum

arnartomas@frettabladid.is

IRLAND Rekstraraðilar írskar þjóðarlottósins leita nú eftir samþykki eftirlitsaðila til að leggja í kerfisbreytingar á lottóreglum. Sex mánuðir eru síðan efsti vinningur var dreginn út.

Kalla rekstraraðilarnir nú eftir breytingum sem myndu kveða á um að eftir ákveðinn tíma þar sem enginn hefði unnið til hæsta vinnings yrði öruggt að við næsta útdrátt yrði sigurvegari valinn. Í breska þjóðarlottóinu fer slíkur útdráttur fram eftir enginn vinnur fimm útdrætti í röð.

Þá hefur einnig verið umræda um hvort fækka eigi lottókúlunum til að auka líkurnar á sigurvegara. Þær voru 36 árið 1988 en eru 47 í dag. ■

Chauvin játar sök í einkamáli

arnartomas@frettabladid.is

BANDARÍKIN Fyrirverandi löggljúbjónninn Derek Chauvin játaði í gær að hafa brotið gegn borgaralegum réttindum George Floyd við handtökuna sem varð Floyd að bana í maí 2020. Chauvin hefur þegar verið dæmdur til 22 ára fangelsisvistar fyrir manndráp í opinberu starfi.



Derek Chauvin

Chauvin var ákærður fyrir að hafa svipt Floyd réttindum sínum með því að krjúpa með hné sitt á hálsi Floyds og fyrir að veita Floyd ekki viðeigandi sjúkraaðstöð.

Mál Floyd olli mótæmum um Bandaríkin öll og á heimsvísu undir merkjum Blacklivesmatter þar sem kallað var eftir að kynþáttabundið ofbeldi lögreglunnar yrði stöðvað. ■

Aðeins fyrsta skrefið í að bæta þjónustuna

arib@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Félag talmeinafræðinga á Íslandi fagnar ákvörðun Willums Þórs Þórssonar heilbrigðisráðherra um að fela Sjúkratryggingum Íslands að fella brott tveggja ára starfsreynsluákvæði.

Fulltrúar félagsins funduðu með ráðherra í gær. Kristín Theodóra Þórarinsdóttir, formaður félagsins, segir að fundurinn hafi verið góður og hún hafi skynjað mikinn vilja hjá ráðherra til að leysa vanda barna með mikla málþroskaröskun sem horfa fram á nokkurra ára biðlista eftir að komast í talþjálfun.

„Þetta er bara fyrsta skrefið í að bæta þjónustu barna með frávik í

máli og tali, næstu skref eru frekari samningar við Sjúkratryggingar Íslands,“ segir Kristín Theodóra. „Með þessari ákvörðun er stuðlað að auknu jafnræði í þjónustu meðal heilbrigðisstétta og talmeinafræðingum veitt tækifæri á að veita talþjálfun til þeirra barna sem sárast þurfa á henni að halda.“

Sveitarfélög bera ábyrgð á nauðsynlegri talþjálfun fyrir minniháttar frávik á meðan alvarlegri frávik eru á borði ríkisins. Í nóvember skipaði Svandís Svavarsdóttir, þáverandi heilbrigðisráðherra, fjögurra manna starfshóp til að samþætta þjónustu milli ríkis og sveitarfélaga. Á hópurinn að skila tillögum í næstu viku. „Við höfum



Kristín Theodóra Þórarinsdóttir, formaður félags talmeinafræðinga á Íslandi.

komið okkar sjónarmiðum og tillögum áleiðis. Við vonum að það verði hlustað á okkur sem og raddir foreldra barna sem eru að biða,“

segir Kristín. Hún segir þó enga töfralausn í sjónmáli, talmeinafræðingar séu að vinna á uppsöfnuðum vanda til margra ára. ■

Skattahækkunin efni í sögubækur

Stjórnmaðlafræðingar segja að mikil tíðindi hafi orðið í gær þegar bæjarfulltrúi á Seltjarnarnesi hljópst undan flokksmerkjum og stóð að skattahækkun með minnihlutunum. Bæjarfulltrúinn óttast ekki að verða kallaður Júdas.

bth@frettabladid.is

STJÓRNMAÐLAFRÆÐINGAR Grétar Þór Eypórsson, prófessor í stjórnmálafræði, segir að hliðarspor Bjarna Torfa Álfþórssonar, bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins á Seltjarnarnesi í gær, kunni að fara í sögubækurnar. Fá ef nokkur fordæmi séu fyrir því að Sjálfstæðismaður hlaupist undan flokksmerkjum með pólitískum andstæðingum til að hækka skatta.

Bæjarstjórn Seltjarnarness samþykkti í gær að útsvarsprósenta hækkaði úr 13,7 prósentum í 14,09 prósent. Sjálfstæðisflokkurinn hefur hreinan meirihluta í sveitarfélaginu. Einn af fjórum fulltrúum flokksins í meirihlutunum, Bjarni Torfi Álfþórsson, og minnihlutinn náðu niðurstöðu saman. Hinir fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í bæjarstjórninni greiddu allir atkvæði gegn skattahækkuninni.

„Það er líka athyglisvert við þetta mál að Seltjarnarnes hefur þótt velmegandi sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu í tímans rás þar sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur haft meirihluta mjög lengi,“ segir Grétar Þór. „Seltjarnarnes hefur verið eitt af þessum ógnarsterku sveitarfélögum flokksins og það hefur ekki frést af mikilli óþekkt innan raða meirihlutans hingað til,“ bætir hann við.



Íbúar á Seltjarnarnesi hafa til þessa verið í hópi lægstu útsvarsgreiðenda. Bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins snerist á sveif með pólitískum andstæðingum í gær og knúði fram skattahækkun.



Bjarni Torfi Álfþórsson, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins



Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri

Ólafur Þ. Harðarson stjórnmálafræðiprófessor tekur undir með Grétari um að málið sé mjög áhugavert. Engin þekkt fordæmi komi í fljótu bragði upp í hugann varðandi slík hliðarspor í röðum Sjálfstæðismanna.

Bjarni Torfi segir að í desember í fyrra hafi hann lagt til útsvarshækkun í bókun. Því þurfi afstaða hans nú ekki að koma á óvart, hann hafi ekki gert sér grein fyrir að hann væri á leið í sögubækurnar. Aldrei sé vinsælt að hækka skatta en nýbúið sé að veita

bæjarstjóra heimild til að taka stórt lán til ýmissa framkvæmda. Afborganir af lánum ásamt öðru kalli á herra útsvar.

„Mér hefur fundist sem veggirnir milli flokka séu lægri í sveitarstjórnarmálum en landsmálum, en eflaust líta sumir á mig sem einhvern Júdas. Það eru alltaf tvær hliðar á svona ákvörðun. Ég hef bara fengið jákvæð viðbrögð frá íbúum,“ segir Bjarni Torfi.

Karl Pétur Jónsson, bæjarfulltrúi Viðreisnar á Seltjarnarnesi, segir að

skattahækkunin auki fjárhagslegt svigrúm bæjarins um 96 milljónir á komandi ári. Með því losni um fjárhagslega spennitreyju sveitarfélagsins. Bjarni Torfi hafi sýnt ábyrgð og hugrekki með því að styðja tillögu minnihlutans.

Ásgerður Halldórsdóttir, oddviti, samflokksmaður Bjarna Torfa og bæjarstjóri á Seltjarnarnesi, er á annarri skoðun:

„Mér þykir þetta mjög miður, ég hefði viljað biða með allar skattahækkunir fram á næsta ár og skoða þá hvort þörf er á þeim.“

Ásgerður neitar því aðspurð að um djúpstæðan klofning sé að ræða innan Sjálfstæðismanna. Hún segist ekki sjá fyrir sér miklar afleiðingar innan raða meirihlutans.

„Við megum vera stolt af framkvæmdum og þjónustu á kjörtímabilinu. Við munum skila góðu búi.“ ■



Taugatryllir

Ný glæpasaga eftir háspennudrottninguna Lilju Sigurðardóttur



Steinþór Guðbjartsson / Morgunblaðið



Innbundin



Rafbók



Hljóðbók

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | Laugardaga 11–17 | www.forlagid.is



GJAFAKORT S4S

GJAFIR VIÐ ALLRA HÆFI

Engar áhyggjur. Þetta þarf ekki að vera flókið.
Gjafakort á línuna og jólnum reddað.

Gjafakort S4S - beint í símann og endist að eilífu.



ELLINGSEN

AIR

STEINAR WAAGE

ECCO

Skón.is

Toppskórin

SKECHERS

Kaupfélagið

S4S
SKREF FYRIR SKREF



ÚTHLUTUN ATVINNULEYFA TIL AKSTURS LEIGUBIFREIÐA

Samgöngustofa auglýsir laus til umsóknar 2 leyfi til leiguaksturs fólksbifreiða á takmörkunarsvæði III í Árborg.

Pau ein geta sótt um leyfi sem hyggjast stunda akstur leigubifreiðar að aðalatvinnu og hafa lokið námskeiði fyrir leigubifreiðastjóra. Til að öðlast leyfi þurfa umsækjendur að uppfylla leyfisskilyrði, skv. 5. gr. laga nr. 134/2001, sbr. reglugerð nr. 397/2003 um leigubifreiðar, með síðari breytingum. Úthlutun leyfis fer fram á grundvelli starfsreynslu við akstur leigubifreiðar, sbr. 6. gr. reglugerðarinnar.

Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu stofnunarinnar www.samgongustofa.is.

Umsóknarfrestur er til og með 21. desember nk.

Samgöngustofa

Sími: 480 6000 • www.samgongustofa.is

Margskonar hegðun teljist ósæmileg í túlkun reglanna

Með breyttum síðareglum alþingismanna kom það skýrt fram að á þeim hvíli síst minni skyldur um að sýna ekki af sér ósæmilega hegðun en almennum borgurum. Þinghelgi nær aðeins skammt.

kristinnhaukur@frettabladid.is

SAMFÉLAG Árið 2018 voru gerðar mikilvægar breytingar á síðareglum fyrir alþingismenn, til að skerpa á banni við og úrræðum, vegna ósæmilegrar hegðunar á borð við einelti, kynferðislega áreitni og ofbeldi á vettvangi starfsins. Þetta kemur fram í grein Friðriks Árna Friðrikssonar Hirst, doktorsnema við lagadeild Háskóla Íslands og Kristínar Benediktsdóttur dósents við sömu deild, sem birtist í tímaritinu Stjórn málum og stjórnsýslu fyrr í vikunni.

Síðareglurnar eru frá árinu 2016 og voru upprunalega ekki jafnskýrar, hvað varðar hegðun af þessum toga á vettvangi þingstarfa. Í greininni er rakið að til standi að Alþingi setji sér áætlun um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi þegar alþingismenn eiga í hlut, sem verði framhald breytinganna á síðareglunum 2018.

Aðspurður telur Friðrik mega færa rök fyrir því að á alþingismönnum hvíli síst minni skyldur í þessum efnunum en almennum borgurum. „Það helgast af stöðu þeirra í þjóðfélaginu og skyldum sem þeir bera sem kjörnir fulltrúar, að varpa ekki rýrd á traust til Alþingis sem stofnunar.“ Þetta sjónarmið endurspeglar nú skýrt í síðareglunum eins og þeim var breytt 2018.

Kristín segir margskonar ósæmilega hegðun geta fallið undir síðareglurnar og hvert og eitt tilvik þyrfti að skoða. Forsætisnefnd fjallar um kvartanir vegna meintra brota gegn síðareglunum og nýtur þar aðstoðar ráðgefandi nefndar.

Þingmenn bera almennt ekki refsí- eða bótaábyrgð vegna ákvarðana sinna við löggjafarstörf, en öðru máli getur gegnt um hegðun eins og þá sem ætlunin var að taka fyrir með umræddum breytingum á síðareglunum 2018.

„Þar sem síðareglunum sleppir gilda í grófum dráttum almenn sjónarmið um alþingismenn, þegar kemur að refsíábyrgð samkvæmt hegningarlögunum og bótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabóta-



Forsætisnefndin að störfum vegna Klaustursmálsins árið 2018.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Kristín Benediktsdóttir, dósent við Lagadeild HÍ



Friðrik Árni Friðriksson Hirst, doktorsnemi við Lagadeild HÍ

réttar, hvað varðar hegðun af þessum toga,” segir Friðrik. „Það er ekki Alþingis heldur dómstóla að skera úr um refsíábyrgð og skaðabætur.“

Það sé þó ekki svo að öll brot gegn síðareglum verði refsingu eða skaðabótum, heldur þarf að skoða það atviksbundið í hverju tilviki eftir eðli hvers máls. Þar fyrir utan geta alþingismenn alltaf þurft að axla pólitíska ábyrgð þegar um brot gegn síðareglum er að tefla. „Ef þingmaður gerist brotlegur við síðareglur getur hann þurft að svara fyrir það gagnvart samflokksmönnum, eða hinn brotlegi ákveður sjálfur að axla ábyrgð,” segir Kristín.

Friðhelgi alþingismanna, eða þinghelgi, eins og hún er gjarnan kölluð, er sá réttur þeirra til að verða ekki lögsóttir, til dæmis í sakamáli eða fyrir meidryði, fyrir orð sögd í pontu þingsins.

„Þó að alþingismönnum sé veitt viss friðhelgi í stjórnarskránni, þá er umfang hennar fremur takmarkað og Alþingi getur alltaf ákveðið að aflétta henni. Friðhelgin gildir meðal annars ekki ef alþingismaður er „staðinn að glæp“ eins og það er orðað í stjórnarskránni. „Með því er átt við meiri háttar og

alvarlegt ásetningsbrot. Ekki mun hafa reynt á þessa undantekningu í framkvæmd,” segir Friðrik.

Í grein Friðriks og Kristínar er einnig nefnt að óskilorðsbundinn refsídomur geti valdið því að alþingismaður glati kjörgæti sínu og þar með rétti til þingsætis. Þingið sjálft skeri úr um hvort missir kjörgæti hafi átt sér stað samkvæmt stjórnarskránni.

Tveir þingmenn hafa verið sviptir þinghelgi. Sá fyrri var Magnús Guðmundsson, þingmaður íhaldsflokksins og dómsmálaráðherra, sem sviptur var árið 1932 eftir kærnu Jónasar Jónssonar frá Hriflu, um afskipti af gjaldþrotamáli. Hinn seinni, Jóhann Einvarðsson, þingmaður Framsóknarflokksins, í Hafskipsmálinu árið 1988. Árni Johnsen, sem sakfelldur var meðal annars fyrir fjárdrátt, sagði af sér þingmennsku fyrir ákæru.

Í seinni tíð hefur reynt á síðareglurnar án þess að þinghelgi hafi verið aflétt. Það er í Klaustursmáli fjögurra þingmanna Miðflokks og Flokks fólksins, og ummæli Þórhildar Sunnu Ævarsdóttur, þingmanns Pírata, um aksturspeninga Ásmundar Friðrikssonar Sjálfstæðismanns. ■

POTTRÉTTIR / SÚPUR / FISKRÉTTIR / MEÐLÆTI
KÖKUR / EFTIRRÉTTIR / KJÖTRÉTTIR

Borð fyrir einn
allan ársins hring
NANNA RÖGNVALDARDÓTTIR



GERÐU VEL VIÐ ÞIG ALLA DAGA

Í bókinni *Borð fyrir einn* gefur **Nanna Rögnvaldardóttir** uppskriftir að ljúffengum, hollum og einföldum réttum sem hún ber á borð fyrir sig eina – allan ársins hring



NISSAN
INTELLIGENT
MOBILITY



Nýr Nissan Qashqai

Fullkominn borgarjepplingur magnaður með Mild Hybrid tækni

PANTAÐU ÞINN NISSAN QASHQAI NÚNA.

Verð frá: 4.690.000 kr.

5 ÁRA ÁBYRGÐ

www.nissan.is

EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX!

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhófa 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



ÚR SKÝRSLUM
VALSBERGS OG MANNVITS

Askja

Umgengni í byggingunni er frekar slæm og var ekki hægt að skoða allan kjallarann vegna gríðarlegs magns af drasli og rusli. Uppsafnað rusl er meðal annars á flóttaleiðum sem ættu að vera greiðfærar, bæði í kjallara og einnig á 1. hæð. Ólykt er í kjallara og í sumum rýmum er ekki ljós. Á 1. hæð er ólykt á salernum. Gerðar eru alvarlegar athugasemdir við marga öryggisþætti.

Austurbæjarskóli

Salerni við suðurálmú er í slæmu ástandi. Gluggar leka víða á suðurhlíðum norður- og suðurálmú.

Árbæjarskóli

Í viðtali kom fram að starfsfólk upplifir almennt slæm loftgæði í álmum A og E.

Ársel – frístundaheimili

Notendur kvarta undan óþægindum í öndunarfærum eftir viðveru í rýminu.

Ártúnsskóli

Starfsfólk upplifir slæma hljóðvist í mörgum rýmum og slæm loftgæði á skrifstofu skólans og skrifstofu umsjónarmanns.

Borg – Arnarborg – Fálkaborg leikskóli

Ekki hefur verið til fjármagn til að sinna viðhaldsþrifum reglulega, uppræta meindýr og finna orsök. Notendur upplifa slæm loftgæði í húsnæðinu að jafnaði.

Breiðagerðisskóli

Í kjallara er kvartað undan slæmum loftgæðum í mörgum rýmum. Prep að skólalóð eru misbrotin, sem veldur slyshættu.

Breiðholtsskóli

Við úttekt voru gerðar 83 skráningar í skólahúsnæðinu. Merki um leka og skordýr.

Brekuborg

Gluggar eru í lélegu ástandi, botnlistar eru fúnir og þakjárn er farið að ryðga.

Drafnarsteinn

Laga þarf skógrindur í fataklefum þannig að yngstu börn geti ekki fest fætur í þeim og slasast. Gera þarf við glugga, sem er orðinn verulega skemmdur vegna fúa.

Fífuborg

Mikil þrengsli eru í starfsmannaaðstöðunni. Eitt klósett fyrir 22 manns.

Foldaskóli

Hefur ekki verið bónaður síðan 2007.

Hamraskóli

Þung lykt í rými, notendur kvarta yfir óþægindum eftir viðveru í rýminu. Hljóðvist er víða ábótavant í húsnæðinu.

Háteigsskóli

Hljóðvist ófullnægjandi, fyrir félagsmiðstöð, Hátiða- og matsal og í kennarastofu.

Hlíðaskóli

Raki undir dúk sem þarf að taka upp og skoða nánar. Líklega leki frá salerni. Hljóðvist er afar slæm í íþróttasal.

Hólabrekkuskóli

Þak eldri hluta næst viðbyggingu lekur mikið, inn í stofu, inn af sal.

Hraunheimar

Starfsfólk upplifir oft slæm loftgæði þar sem margir eru jafnan á meðan starfsemi er í gangi yfir daginn. Erfitt á veturna að halda loftgæðunum í góðu lagi þar sem húsið er oft mjög kalt og sérstaklega mikill gólfkuldi, að sögn starfsmanna.



Léleg hljóðvist er eins og rauður þráður í gegnum eignirnar 136, því flestir skólar kvarta undan lélegri hljóðvist.



Reykvisk ungmenni læra í slæmu húsnæði.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Benedikt Bóas
Hinriksson
benediktboas@frettabladid.is

Víða pottur brotinn í skólastofum barnanna

Rottugangur, sprautunálar, slyshætta, veikindi starfsmanna vegna loftgæða og rými sem börn kvarta undan að þurfa vera í. Nýverið kom út ansi dökk skýrsla um ástand 136 leik- og grunnskóla og frístunda í eigu Reykjavíkurborgar.

LÝÐHEILSA Húsnæði leik- og grunnskóla og frístunda í eigu Reykjavíkurborgar telur alls rúmlega 265 þúsund fermetra og voru 136 eignir skoðaðar.

Ástandsúttekt var gerð á öllum eignunum innan- og utanhúss ásamt því að framkvæmdar voru rakamælingar innanhúss, loftgæðaskoðun og hljóðvistar skoðun. Ljóst er að léleg hljóðvist gengur eins og rauður þráður í gegnum eignirnar 136, því flestir skólar kvarta undan lélegri hljóðvist.

Niðurstaða skýrslanna, sem Valsberg og Mannvit unnu fyrir borgina, sýnir að þrátt fyrir að viðhaldsfé til fasteignanna hafi verið aukid umtalsvert undanfarin ár er nú til staðar uppsöfnuð viðhaldsþörf. Meðalaldur húsnæðisins er 45 ár og er mishár eftir hverfum.

45

ár er meðalaldur húsnæðis skóla borgarinnar.

136

eignir voru skoðaðar.

Meirihlutinn í borginni benti á í bókun sinni um málið að undanfarin fjögur til fimm ár hefði fjármagn til viðhalds verið þrefaldað frá árinu 2017.

Nú á að fara í átak þar sem 4-5 milljörðum króna á að verja til viðhalds á hverju ári.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fagna því að meirihlutinn sé loks að horfast í augu við vandann. Þá benda fulltrúarnir á að börn og starfsfólk dvelji í skólahúsnæði löngum stundum og að þeirra velferð skuli alltaf njóta vafans. ■

Hundrað og ellefu

Þakið er metið í mjög slæmu ástandi þar sem það lekur mikið og víða á austurhlíð.

Húsaskóli

Notendur upplifa ekki góð loftgæði í kennslustofum. Eftir úttekt Heilbrigðiseftirlitsins í kennslustofum var niðurstaðan að loftgæðum væri ábótavant, þar sem styrkur fór ítrekað yfir leyfileg mörk.

Klébergsskóli

Leki frá þaki, lekur ítrekað, enda er þakhalli rangur og hallar frá niðurföllum. Þak lak mikið í þremur stofum. Starfsmenn hafa upplifað slæm loftgæði.

Ingunnarskóli

Þak hefur lekið ítrekað í slagveðrum. Hurðir á austurhlíð leka nánast allar.

Langholt, Holtaborg leikskóli

Í tengibyggingu eru ummerki um leka, að sögn stjórnanda hefur þetta verið lengi.

Langholtsskóli

Að sögn hafa starfsmenn þurft að færa sig til í starfi vegna veikinda. Raki mældist víða mikill í útvegg og undir gólfdukk við útveggi. Víða um bygginguna voru loftgæði ekki góð, sérstaklega á bókasafni, A-álmú og C-álmú. Þrifum var að sögn oft ábótavant.

Laugalækjarskóli

Ástand mannvirkisins virtist vera fremur lélegt. Í kjallara voru sprungur sem vatn kemur inn um.

Laugarnesskóli

Athugasemd er gerð við stiga frá 3. hæð að 4. hæð, en hann er óþægilega brattur. Að sögn stjórnanda hafa orðið slys á fólki í stiganum.

Laugasól, Laugaborg

Byggingin er í slæmu ásigkomulagi. Málning á veggjum er að detta af vegna rakamyndunar og er slæm lykt í rýmum þar sem lítið loftast út.

Lindarborg

Vart hefur orðið við rottugang undir gólfplötu kjallara.

Njalsborg

Heildarástand innanhúss er fremur slæmt og þarfnast húsnæðið umtalsverðra endurbóta. Borist hafa ábendingar um að barn hafi sýnt viðbrögð við myglu á deildinni.

Norðlingaskóli

Oft hefur þurft að loka rafmagnshurðunum vegna veðurofsa, þar sem mikill dragsúgur/loftþrýstingur myndast í anddyrum með þeim afleiðingum að hurðir inni í skólanum skellast til og frá og af því stafar mikil slyshætta. Nemendur hafa klemmst.

Réttarholtsskóli

Þrifum var ábótavant í byggingunni. Mikið af uppsöfnuðu ryki var að finna á mörgum flötum sem liggja hátt og „ryktaumar“ hengu niður úr timburloftum.

Sólborg

Ekki er geymsluástaða fyrir búnað eins og hjólastóla eða önnur stoðtæki fyrir börn með hreyfihömlun. Ekki er rými til staðar þar sem hægt er að hvíla börn sem eiga erfitt með að vera í umhverfisáreiti í langan tíma.

Stóra Holt

Eldhúsaðstaða er ófullnægjandi í alla staði, var áður salerni.

Sunnúás

Portið við vagnageymslu var með skjólveggjum á þrjár hliðar og skýli yfir, en engar myndavélar eru í porti. Að sögn hafa þarna oft fundist ýmis tól til fíkniefnaneyslu, meðal annars sprautunálar. Kennarar þurfa að yfirfara og hreinsa svæðið vandlega áður en börnum er hleypt út í garð.



Jólagleði

— ★ ★ ★ —



Nordmannspínur
20%

Afsláttur af öllum jólavörum

- 20% LJÓSASERÍUR, KERTI, BATTERÍSKERTI, SKREYTINGAREFNI OG HURÐAKRANSAR
- 30% LJÓSAHLUTIR OG AÐVENTULJÓS
- 40% JÓLASKRAUT OG JÓLASTYTTUR
- 50% LJÓSAHÚS OG ÚTILJÓSAHLUTIR



Jólaskraut
40%



Ljósahlutir
30%




Kerti
20%



Ljósaseriur
20%

OPÍÐ TIL KL 22 FRAM AÐ JÓLUM
OPÍÐ 10-14 Á AÐFANGADAG JÓLA



GARÐHEIMAR

Stekkjarkakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

AFSLÁTTUR GILDIR ÚT 31. DES

Össur keypt um 60 fyrirtæki á rúmum 20 árum

Sveinn Sölvason hefur verið ráðinn til að taka við keflinu af Jóni Sigurðssyni, forstjóra Össurar. Markaðsvirði fyrirtækisins, sem er skráð í kauphöllina í Danmörku, er um 340 milljarðar króna.

helgivifill@frettabladid.is

Heilbrigðistækniyrirtækið Össur hefur á rúmlega 20 árum yfirtekið um 60 fyrirtæki. Félagið hefur vaxið að meðaltali um 18 prósent á ári með blöndu af innri og ytri vexti. Þetta kemur fram í viðtali við Sveinn Sölvason, sem hefur verið fjármálastjóri Össurar frá árinu 2013 en tekur við starfi forstjóra af Jóni Sigurðssyni í apríl, sem sýnt var í sjónvarpsþættinum Markaðurinn á Hringbraut í gærkvöldi.

Markaðsvirði Össurar, sem er skráð í kauphöllina í Danmörku, er um 340 milljarðar króna. Starfsmenn eru um fjögur þúsund í 30 löndum en um 500 eru hér á landi. Sveinn hefur á orði að segja megi að hjartað í starfsemi sé á Íslandi. Hér fari fram þróunarvinna og framleiðsla sem sé lykilþáttur í velgengni fyrirtækisins.

„Fyrirtækjakaup hafa verið stór þáttur í okkar sögu,“ segir Sveinn en Össur var skráð í Kauphöll Íslands árið 1999 og færði sig alfarið yfir á danska markaðinn við lok árs 2017. Fyrstu árin í yfirtökum fóru í að samþætta stöðtækjageirann, því næst var annarri stöð slegið undir reksturinn



Yfirleitt greiðir hið opinbera eða tryggingafélög fyrir vörur Össurar. „Þetta eru dýrar lausnir,“ segir Sveinn, „sem skapa mikið virði.“ SKJÁSKOT/MARKAÐURINN

með kaupum á fyrirtækjum sem þróa spelkur og stuðningsvörur en á síðustu árum hefur Össur keypt fyrirtæki sem þjónusta notendur á vörum frá Össuri. „Við erum í allri virðiskeðjunni,“ segir Sveinn. „Nú erum við í beinum samskiptum við þá sem borga fyrir vöruna og það er mikilvægt.“

Sveinn segir að fyrirtækin sem Össur hafi keypt á allra síðustu árum séu frá því að hafa 20-30 starfsmenn og velta 100-200 milljónum og upp í fyrirtæki með 2-300 starfsmenn og hátt í fjóra til fimm milljarða í tekjur.

Yfirleitt greiðir hið opinbera

eða tryggingafélög fyrir vörur Össurar. „Þetta eru dýrar lausnir,“ segir Sveinn, „sem skapa mikið virði.“ Hann segir að einstaklingar sem nýta vörurnar geti hreyft sig betur og minni líkur séu á að þeir detti eða meiðist. Vörurnar séu því hagkvæmari til lengri tíma lítið.

Sveinn segir að Covid-19 hafi hægt á vexti Össurar. Notendur vara frá fyrirtækinu séu oft eldra fólk með aðra undirliggjandi sjúkdóma sem hafi verið hikandi við að sækja þjónustu. Árið 2020 hafi verið fyrsta árið í sögu fyrirtækisins sem það státaði ekki af innri vexti

Hið opinbera setji sér háleit markmið

Ísland er auðlindarífið hagkerfi og því útsett fyrir ýmiss konar áföllum sem geta haft áhrif á tekjustofna, að sögn Sveins. Hann bendir á að stór hluti af verðmætasköpun hagkerfisins stafi af orkuframleiðslu, fiskútflutningi og ferðaþjónustu. Þess vegna sé mikilvægt að byggja umgjörð sem styðji við alþjóðageirann en undir hann falla hugvitsdrifin fyrirtæki sem treysti ekki á náttúruauðlindir.

Sveinn segir að margt hafi áunnist á undanföllum árum, stjórnvöld hafi staðið sig vel og glæsileg fyrirtæki hafi skotið upp kollinum en hann hefði viljað sjá enn meiri metnað hjá ríkinu og nefnir í því sambandi að setja markmið um að hátt hlutfall af verðmætasköpun landsins komi frá alþjóðageiranum. „Senda skýr skilaboð út í allt kerfið,“ segir hann og nefnir að með þeim hætti verði allar litlu ákvarðanirnar sem þurfi að taka tengdar þessu markmiði. Hin Norðurlöndin hafi staðið sig vel hvað það varðar.



Fyrirtækjakaup hafa verið stór þáttur í okkar sögu.

heldur drögust tekjur saman um tíu prósent. Áætlanir geri þó ráð fyrir tíu prósent vexti í ár. „Við erum að koma ágætlega til baka,“ segir hann og nefnir að áhersla hafi verið lögð á að halda framþróun félagsins áfram í Covid-19. Sótt hafi verið inn á nýja markaði og haldið áfram að fjárfesta í nýsköpun og þróun.

Sveinn segir að varðandi fram-

tíðarmöguleika Össurar sé horft til þriggja þátta: Í fyrsta lagi að fjárfesta í nýrri tækni með það fyrir augum að búa til vörur sem einfalda líf þeirra sem hafi misst útlími. „Við sjáum mikil tækifæri í því,“ segir hann.

Í öðru lagi að sækja á nýja markaði. Nú sé meiri kaupmáttur og gerðar meiri kröfur á mörkuðum þar sem heilbrigðiskerfið hafi ekki verið gott. Össur hafi fjárfest ríkulega í starfsemi í Kína, Suðaustur-Asíu og Austur-Evrópu. „Það er mikilvægt fyrir okkur og stór þáttur í okkar vexti á undanföllum árum. Við höfum metnaðarfull markmið hvað þetta varðar,“ segir hann. Í þriðja lagi að Össur hafi verið að færa sig framfarir í virðiskeðjuna með kaupum á fyrirtækjum sem þjónusta notendur vara frá fyrirtækinu. ■



FJÁRFESTING Í SJÓÐUM ER GÓÐUR VALKOSTUR

TIL AÐ ÁVAXTA PENINGA TIL SKEMMRI OG LENGRI TÍMA



ÍSLENSK VERÐBRÉF

Kynntu þér árangur og úrval íV sjóða á WWW.IV.IS

— síðan 1987 —

Vonast eftir að breið samstaða náist

magdalena@frettabladid.is

Svanhildur Hólm Valsdóttir, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, segir að þó svo að hún vonist eftir því að breið samstaða náist um að viðhalda efnahagslegum stöðugleika í komandi kjaraviðræðum, óttist hún að það sé fullmikil skautun á vinnumarkaði til að svo verði raunin. Þetta sagði hún í sjónvarpsþættinum Markaðurinn sem sýndur var á Hringbraut í gærkvöldi.

„Ég auðvitað vona að það náist breið samstaða í komandi kjaraviðræðum. Mér finnst það liggja í augum uppi að það sé eina vitið,“ segir Svanhildur og bætir við að við höfum verið með talsverða innflutta verðbólgu, þrýsting af húsnæðisliðnum og því þurfi að grípa til talsverðar hagræðingar til að hægt sé að bregðast við launa-



Svanhildur Hólm Valsdóttir, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs

hækkunum, án þess að það fari út í verðlagið.

„Ég held að við fljótum að feigðarósi ef við ætlum að halda áfram á sömu braut launahækkana eins og við höfum gert undanfarin ár. Við höfum séð fordæmalaus aukningu kaupmáttar þar sem við höfum séð miklar launahækkunar meðan það hefur verið stöðugleiki í verðlagi. Það sem maður óttast er það ástand sem maður þekkir frá fyrri tíð þar sem það urðu víxlverkanir.

Verðlag hækkadi, þá hækkuðu laun og þá hækkadi verðlag meira. Þetta var vítahringur sem var erfitt að komast út úr en tókst þó að lokum.“

Hún bætir við að mikilvægt sé að taka ekki þann efnahagslega stöðugleika sem hafi skapast hér síðustu ár sem sjálfsögðum hlut. „Ég tel að allir þurfi að gera sér grein fyrir í komandi kjarasamningaviðræðum að þessi stöðugleiki sem við höfum búið við að undanföllum árum er mikils virði og mikilvægt að gera áætlanir sem geta staðist. Þannig að ég bara vona að fólk ákveði það svigrúm sem er til staðar. Stjórnvöld geta hjálpað til, til dæmis með lækkun á tryggingargjaldinu hvað það varðar. En ég óttast samt að það sé fullmikil skautun á vinnumarkaði til þess að þessi góða framtíðarsýn sem ég sé fyrir mér rætist.“ ■

JÓLIN ERU KOMIN

FK
FJARDARKAUP

einstök
verslun



SKANNAÐU OG
TAKTU ÞÁTT
Í JÓLAGJAFALEIKNUM

WWW.FJARDARKAUP.IS/JOL



FUNI Dúnúlpá
Kr. 33.990.-



KLETTUR Merinó húfa
Kr. 2.990.-



Eyjafjallajökull hlý dúnúlpá
Kr. 48.990.-



Vindur úlpá fyrir börn
Kr. 18.990.-



Embla Thermore® Ecodown®
dúnjakki kr. 17.990.-



GEYSIR
Ullarjakki með íslenskri ull
Kr. 28.990.-



LYNG Ullarsokkar
Kr. 1.590.-



RÖKKVI Göngubuxur
Kr. 11.990.-



REYKJANES
Ullarjakki með íslenskri ull
Kr. 33.990.-



HVÍTANES Merino bolur
Kr. 13.990.-



HVÍTANES
Merino buxur
Kr. 11.990.-

ELÍ Flíspeysa
Kr. 11.990.-



Hlýjar Gjafir

ICEWEAR * MAGASÍN

KRINGLAN · LAUGAVEGUR 91 · SMÁRALIND

HVÍTANES Merino peysa
Kr. 13.990.-



REYKJANES
Ullarjakki með íslenskri ull
Kr. 33.990.-



HVÍTANES
Merino ungbarnagalli
Kr. 8.990.-



STRAUMNES
Barna merino ullarpeysur
Kr. 4.490.-



MÍA Tveggja laga regnbuxur
Kr. 14.990.-

Vinir
fá sérkjör
Skráning á icewear.is



GRÍMSEY Hanskar
Kr. 2.900.-



GEYSIR
Ullarjakki með íslenskri ull
Kr. 28.990.-



GERÐUR Ullarpeysa
Kr. 17.990.-



ASOLO Falcon
Kr. 29.990.-



FUNI Dúnúlpá
Kr. 33.990.-

STEINAR Coolmax göngusokkar
Kr. 1.490.-



Vísindin urðu að taka stórt stökk

Heimsfaraldur og loftslagsbreytingar settu mark sitt á árið og heimurinn þurfti að bregðast við. Bóluefnaframleiðsla hefur aldrei verið eins hröð og skref voru stigin í átt til orkuskipta og sjálfbærni. Einnig urðu framfarir á öllum sviðum vísinda og tækni. Hér eru nokkrar af þeim sem stóðu upp úr á árinu 2021.



Rannsaðar voru minjar frá 10. öld fram á þá 20.

MYND/ADSEND

Risagröftur á Seyðisfirði



Hildur Gestsdóttir, doktor við Fornleifastofnun Íslands

rannsókn á sjálfum bæjarhólunum.

Fyrsta langskipið í hundrað ár

„Síðustu tvö ár hafa fornleifafræðingar frá Háskólanum í Osló unnið að rannsókn á skipskumli í Gjellstad í Noregi. Skipið í kumlinu er langskip, 20 metra langt, og fannst það þegar unnið var að jarðsjármælingum á svæðinu umhverfis Jell-grafhauginn í Halden. Í sumar var skipið sjálft grafið fram. Timbrið reyndist ekki vel varðveitt, en bátasaumar og kjölur skipsins veita þó miklar upplýsingar um það. Varðveisla beina er heldur ekki góð, en glæsilegt haugfé, til dæmis axir, perlur og leifar kistils, hafa fundist í gröfinni. Hundrað ár eru síðan langskip var grafið upp í Noregi síðast, og því ómetanlegt að fá tækifæri til að rannsaka þessar minjar með nútinna aðferðum.“

FORNLEIFAFRÆÐI „Ein stærsta framkvæmdarannsókn sem farið hefur fram hérlendis var unnin í sumar, í landi Fjarðar í Seyðisfirði, en þar á að reisa varnargarða undir Bjólfi. Það er ekki oft sem fornleifafræðingar fá tækifæri til að vinna jafn viðamikla rannsókn, hátt í 20 manns voru þar að störfum í marga mánuði að rannsaka minjar allt frá 10. öld og fram á þá 20., þar með talið bæjarstæði, myllu, minjar tengdar fiskverkun og sjósókn, auk kumlateigs. Rannsóknunum í Firði er hvergi lokið og næsta sumar er áformað að hefja



Eldgosið í Geldingadölum var guðsgjöf til ljósmyndara.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Nýtt eldvirknitímabil hófst á Reykjanesskaga



Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands

JARÐVÍSINDI „Hér á landi er það tvímælalaust eldgosíð í Fagradalsfjalli sem stendur upp úr. Með gosinu er hafið nýtt eldvirknitímabil á Reykjanesskaga eftir hlé sem staðið hefur í tæplega 800 ár. Við vitum ekki hvað kemur í framhaldinu en líklegra er að það séu ár eða fáir áratugir þar til næst gýs á skaganum. Gosið er líka merkið fyrir margra hluta sakir. Jarðskjálftarnir og jarðskorpuhreyfingarnar sem komu á undan gosinu voru meiri en við höfum upplifað. Kvikan kom beint úr mottlinum en ekki úr kvikuhólfi, eins og algengast er hér á landi. Rannsóknir á aflöguninni fyrir gosið og efnafræði gosefnanna varpa nýju ljósi á tengslin milli þessara þátta og eldvirkninnar á Reykjanesskaga. Gosið var aflítið en langvinnt og gerólíkt flestum



Vísindafólk er hætt að taka varlega til orða um hlýnun. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

gosum hér á landi, í því að afl þess jókst með tímanum. Þegar upp er staðið flokkast það sem meðal-gos.“

Sannanirnar yfirgnæfandi

„Í sumar kom út 6. vísindaskýrsla milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Niðurstaðan er ótvíræð, enginn vafi er um það að hlýnunin er af mannavöldum. Orsökina er bruni jarðefnaeldsneytis. Í vísindum er hefðin að taka varlega til orða.


Rekja alla mögulega fyrirvara og svo framvegis. Þetta er gerólíkt, til dæmis, þeirri orðræðu sem algengast er að viðhöfð sé í stjórnmálum. En nú eru sannanirnar svo yfirgnæfandi og rannsóknirnar sýna að enginn efi er um orsakirnar. Vísindafólkið sem þjálfad er í því að setja fyrirvara við allar niðurstöður vísar boltanum beint til stjórnmálanna og samfélagsins. Hvað ætlum við að gera til að tryggja framtíð barna okkar og barnabarna?“

Stærstu uppgötvanir ársins

Janúar	Mars	Maí	Júlí	September	Nóvember
<ul style="list-style-type: none"> Bólusetningar við Covid-19 hefjast af alvöru í Evrópu og Norður-Ameríku. Rannsóknir á býflugum sýna að þeim hefur fækkað um meira 25 prósent á 25 árum. Glært timbur hannað. 	<ul style="list-style-type: none"> Skýrsla Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, WHO, um uppruna Covid-19, sýnir að líklega kom veiran úr villtu dýri. Möttull, kjarni og jarðskorpa Mars, reiknuð út. Vísindamenn við MIT-háskóla hanna snjallklæðnað sem skynjar hreyfingu. 	<ul style="list-style-type: none"> Vísindamenn vara Bandaríkjaþing við fjölda stökkbreytinga kórónaveirunnar. Umfangsmesta kortlagning mannsheilans birt. Kínverjar verða önnur þjóðin til að lenda bíl á Mars, Zhurong. 	<ul style="list-style-type: none"> Japanir setja háhraðamet í internet-tengingu, 319 terabæti á sekúndu. Galileo-verkefnið, til að finna ummerki um líf á öðrum hnöttum, sett af stað. Vélmenni sem eldar mat prófað fyrir skólamötuneyti. 	<ul style="list-style-type: none"> Meira en 20 þúsund ára gömul fótspor finnast við árbakka í Nýju-Mexíkó sem sýna fólk í álfunni mun fyrr en áður var talið. Örsmáir bottar sem ferðast geta með vindi hannaðir. Fjarbúnaður sem fundið getur hættulegar hjartsláttartruflanir í gang- og bjargráðum settur á markað. 	<ul style="list-style-type: none"> Omíkrón, nýtt afbrigði af kórónaveirunni, uppgötvað í Suður-Afríku. Rannsókn sýnir að skógarruðningur jókst um fjórðung í Amazon árið 2020. Birkeland, norskt rafmagnsknúið fraktskip, tekið í notkun.
<ul style="list-style-type: none"> Rannsóknir sýna að Golfstraumurinn hefur veikst sökum loftslagsbreytinga. Perseverance lendir á Mars. Lifverur finnast á 1.200 metra dýpi á Suðurskautslandinu, 260 kílómetrum frá sjó. 	<ul style="list-style-type: none"> Tecla, fyrsta umhverfisvæna, þrívíddarprentaða húsið, reist á Ítalíu. Fyrsta malariubóluefnið með meira en 75 prósentu virkni þróað í Oxford-háskóla. Aten, 3.000 ára gömul borg, er grafinn upp úr sandinum í Egyptalandi. 	<ul style="list-style-type: none"> Uppgötvað að efni sem eru í flestum snyrtivörum eru skaðleg mannslikam-anum. Hauskúpa óþekktar manntegundar finnast í Kína, og er hún kölluð „drekamaðurinn“. Jarðvísindamenn uppgötva púlva í virkni á 27 milljón ára fresti, næsti er eftir rúmlega 20 milljón ár. 	<ul style="list-style-type: none"> Geimvísindamenn telja sig hafa fundið merki um plánetu númer 9, handan Neptúnusar. Qeqertaq Avannerleq, nyrsta eyja heims, finnst norðan við Grænland, aðeins 1.800 fermetrar að stærð. Timamóta erfðameðferð við sjúkdómum á borð við sigðkornablóðleysi og dvergkornablóðleysi. 	<ul style="list-style-type: none"> Október Syukuro Manabe, Klaus Hasselmann og Giorgio Parisi fá Nóbélinn fyrir framlag til loftslagsmála. Uppruni hestsins rakinn til Volga-Don héraðsins í Rússlandi fyrir 4.200 árum. Fullkomlega sjálfvirk lest tekin í notkun í Hamborg. 	<ul style="list-style-type: none"> Alvarlegur öryggisgalli, Log4j, sem ógnar netkerfum, uppgötvað. Japanir ná að fjarlægja frumur sem nýja öldrunarferlið úr músum. NASA tekur öflugasta geimsjónauka sögunnar, kenndan við James Webb, í notkun.
	<ul style="list-style-type: none"> Apríl 	<ul style="list-style-type: none"> Júní 	<ul style="list-style-type: none"> Ágúst 	<ul style="list-style-type: none"> Desember 	

Bók er klassísk gjöf


Frábærar bækur á góðu tilboði



Lok, lok og læs
4.899 kr. VERÐ ÁÐUR 7.299 KR.



Úti
4.899 kr. VERÐ ÁÐUR 7.299 KR.



Allir fuglar fljúga í ljósið
4.899 kr. VERÐ ÁÐUR 7.299 KR.



Þú sérð mig ekki
4.899 kr. VERÐ ÁÐUR 7.299 KR.

Vörurval er mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsins er til og með 16. desember eða á meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabreytingu.



Fjórir almennir borgarar fóru með geimflug SpaceX í september.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY



Vélillinn Perseverance safnar mikilvægum gögnum á plánetunni Mars.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Stórt ár fyrir öryggi Íslands



Atli Þór Fanndal, formaður Geimvísinda- og tækniskrifstofu Íslands

GEIMVÍSINDI „Það eru nokkur atriði sem standa upp úr hér á landi. Fyrst, skráning fyrsta eldflugaframleiðanda á Íslandi snemma á árinu. Aðild Íslands að samevrópsku leiðsögukerfi EGNOS. Það er eiginlega ekki hægt að fagna þeirri ákvörðun of mikið. EGNOS er kerfi sem eykur

nákvæmni þeirra leiðsögukerfa sem byggja á tímamælingum frá gervihnöttum, meðal annars GPS-kerfis Bandaríkjanna og Galileo-kerfis Evrópusambandsins. EGNOS mun því nýtast sérstaklega vel þar sem krafist er mikillar nákvæmni og áreiðanleika, til að mynda við aðflug að flugvöllum. Þetta er gríðarlega mikilvægt öryggismál, sérstaklega þegar kemur að innanlandsflugi. 2021 var almennt afar gjöfult ár. Ísland og Bretland undirrituðu yfirlýsingu um auknið samstarf þegar kemur að geimnum og tæknitilfærslu. Fyrsta íslenska skráning fjarskiptatíðna fyrir gervi-

hnattakerfi fór fram á árinu. Verkefnið hér á landi margfölduðust og stjórnvöld virðast í auknum mæli sjá möguleika Íslands til þátttöku. 2021 var því gott ár, en margt er þó enn óunnið.“

Ár rauðu plánetunnar

„Árið 2021 var eiginlega bara rosalegt ár þegar kemur að geimvísindum og kannski sérstaklega hinum nýja geimiðnaði. 2021 var ár Mars-

ferða, Geimvísindastofnun UAE og NASA eru þar ef til vill hápunkturinn. Fjórir almennir borgarar fóru í geimferð með SpaceX í september. Ómönnuð Júpiterferð NASA, og svo er ekki hægt að sleppa því að minnst á James Webb-sjónaukann, sem mun leysa Hubble af, og er á áætlun 22. desember. Nokkuð mörg lönd bættust við lista landa sem eiga og reka eigin gervihnött. Það er auðvitað áframhald á þróun undan-

farinna ára að sífellt smærri ríki sjá tækifærin sem felast í uppbyggingu geiminnviða. Paragvæ, Mjanmar, Moldavía, Túnis og Kúveit bættust þannig á listann í ár. Það sem þó stendur upp úr á árinu að mínu mati er auglýsing Geimvísindastofnunar Evrópu eftir nýjum geimförum í fyrsta skipti í 11 ár. Því miður gátu Íslendingar ekki sótt um enda hefur gengið hægt að koma umsókn að stofnuninni í ferli.“



Bólusetningar hafa gengið betur á Íslandi en í flestum öðrum löndum heims.

FRÉTTABLAÐIÐ/
EYÞÓR



Rostungurinn Valli víðförli komst í fréttirnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ár bóluefna og veirulyfja



Tómas Guðbjartsson, prófessor í skurðlækningum við Háskóla Íslands

LÆKNAVÍSINDI „Hér á landi ber sennilega hæst hversu vel hefur tekist til við að uppræta lifrabólgu C með nýjum og öflugri veirulyfjum, en niðurstöðurnar birtust í Lancet Gastroenterology. Viðsnúningurinn í baráttunni við þessa skæðu veiru, sem bæði getur valdið lifrabólgu og lifrarkrabba-meini, telst reyndar til merkustu áfanga í lækisfræði um allan heim á árinu sem er að líða, en enn fremur hér á landi, þar sem Ísland hefur verið í fararbroddi við að útrýma henni. Það hefur meðal annars verið gert með því að ná til sprautufikla í virkri neyslu og gefa þeim ókeypis töflumeðferð, sem hefur læknað flesta þeirra. Einnig hefur vakið athygli erlendis hversu vel íslenskum yfirvöldum hefur



Sprautufiklar fá ókeypis töflumeðferð.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

tekist að hemja Covid-faraldurinn með útbreiddum bólusetningum og klassiskum aðferðum farsóttá, eins og öflugri greiningu og smitakningu. Þetta hefur verið gert með sameindalíffræði með raðgreiningu á erfðamengi veirunnar í öllum smituum Íslendingum og birt í virtum erlendum vísindaritum eins og New England Journal of Medicine.“

Hröð þróun bóluefna

„Hæst ber þróun mRNA-bóluefna við Covid-19, en þau voru sett á markað og innleidd um allan heim. Einnig voru þróuð einstofna mót efni sem í blöndu lyfja eru nú notuð í meðferð alvarlegra Covid-sýkinga. Sama á við um ný veirulyf í töflum við sama sjúkdómi og nýlega voru samþykkt í Bandaríkjunum og Bretlandi.“

Erfðamengi refsins raðgreint



Ester Rut Unnsteinsdóttir, doktor í spendýravistfræði við Náttúrufræðistofnun Íslands

NÁTTÚRUFRAEÐI „Úr dýraríkinu kom ýmislegt markvert upp í fréttum, til dæmis vakti athygli rostungurinn hann Valli víðförli, sem dvaldi á Höfn í um tveir vikur í haust. Önnur skrýtin skepna var hnúðlax sem virðist vera búinn að gera sig heimakominn í íslenskum ám og líka vel. Af ferðalögum dýra er athyglisverð frétt af snjótittlingnum A39 sem ákvað að skreppa til útlanda og sást til hans í Þýskalandi nú í vetur. Þetta eru harðgerðir fuglar sem manni þætti sist líklegir til að fara suður á bóginn. Á sama tíma ákveða fuglar af öðrum tegundum að fara hvergi, heldur dvelja hér yfir hörðustu vetrarmánuðina, svo sem tjaldar og grágæsir. Íslenska tófan er útsjónarsóm að vanda en síðasta sumar sást til refa á sundi en það þykir markvert og fáséð. Verða þessum sundgörpum gerð skil í sjónvarpsþáttaröð sem mun birtast á Netflix-veitunni næsta vor. Í ár var loks erfðamengi tegundarinnar fullraðgreint, en það opnar nýjar leiðir fyrir rannsóknir



Önnur skrýtin skepna var hnúðlax sem virðist vera búinn að gera sig heimakominn í íslenskum ám og líka vel.

á íslenska stofninum og hægt að svara mörgum spurningum með aðferðum erfðafræðinnar.“

Fugl sem þarf ekki karldýr

„Ein tegund sem skráð er í mikilli hættu (Critically Endangered) á völdu IUCN vegna eyðingar búsvæða vakti sérstaka athygli. Þetta er Kaliforniukondór (Gymnogyps californianus), sem er stór hræfugl, en aðeins um 500 einstaklingar eru eftir af stofninum sem staðsettur er á suðvesturströnd Bandaríkjanna og Mexíkó. Nýlega var birt frétt um merkilega uppgötvun vísindamanna sem komust að því að kven-dýr þessarar fuglategundar geta átt afkvæmi án framlags karlkyns erfðaefnis. Þetta er mikil tíðindi, þó kynlaus æxlun sé þekkt fyrirbæri meðal snáka, eðla og sumra fiska.“ ■

BRAGÐGÓÐ OG GIRNILEG HELGARTILBOÐ

GILDA: 16.–19. DESEMBER

WELLINGTON
NAUTALUND



KJÖTBANKINN
VERSKLEINT
FAGHVERISA

5.249 KR/KG
ÁÐUR: 7.499 KR/KG

30%
AFSLÁTTUR

25%
AFSLÁTTUR



Lynghæna
Úrbeinuð, 4x130g

2.174 KR/PAK
ÁÐUR: 2.899 KR/PAK

Pítubuff
með nýjum brauðum

30%
AFSLÁTTUR



1.539 KR/PAK
ÁÐUR: 2.199 KR/PAK

KJARNAFÆÐI

26%
AFSLÁTTUR



Hátíðarlæri
Fyllt með sveppum
og fetaosti

2.589 KR/KG
ÁÐUR: 3.499 KR/KG

30%
AFSLÁTTUR



Laufabrauð
Okkar - 8 stk.

1.049 KR/PAK
ÁÐUR: 1.499 KR/PAK

Gulrótabrauð

489 KR/STK
ÁÐUR: 699 KR/STK

30%
AFSLÁTTUR



KÖLNARHYGGUR

Fullelduð jólaskinka
með gljáa

1.799 KR/KG
ÁÐUR: 2.999 KR/KG



HUMARSALAN

30%
AFSLÁTTUR



Humar
Skelflettur, 800 g

3.499 KR/PAK
ÁÐUR: 4.999 KR/PAK

40%
AFSLÁTTUR




KJÖTSEL

Klementínur

367 KR/KG
ÁÐUR: 459 KR/KG


21%
AFSLÁTTUR



Perur

299 KR/KG
ÁÐUR: 379 KR/KG

20%
AFSLÁTTUR



FÁÐU BETRA VERÐ MED
SAMKAUP Í SÍMANUM

Náðu í appið og safnaðu inneign.
Þú getur notað Samkaupa-
appið í öllum verslunum Nettó.



Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



Borgarvirki er vel staðsett og þótt ekki teljist það hátt er af því einstaklega fallett útsýni. Norðan þess er Vatnsendi þar sem Skáld-Rósa, oft kennd við Vatnsenda bjó.

MYNDIR/ÓMB

Virki Víga-Barða



Tómas Guðbjartsson
hjartaskurð-
læknir og náttúru-
unnandi

Á milli Viðidalss og Vesturhóps í Húnavatnssýlu er áberandi kennileiti sem kallast Borgarvirki. Þetta er klettaborg þrýdd stuðlabergi sem talin er gosstapi frá eldgosi á hlýskeiði ísaldar. Efst í henni er allt að 6 metra djúp skeifulaga dæld sem opnast til austurs. Þar í skarðinu eru hleðslur sem sennilega eru frá landnámsöld en voru endurhlaðnar um miðja síðustu öld.


Virkið er fríðað því inni í því eru leifar af brunni og rústir tveggja skála. Borgarvirki kemur fyrir í ýmsum sögum, ekki síst í Heiðarvíga sögu. Þar segir frá Víga-Barða Guðmundssyni sem bjó skammt frá í Ásmundarnesi og deildi löngum við Borgfirðinga. Þegar honum bárust fregnir af því að þeir síðarnefndu vildu sækja að honum með her, safnaði hann mönnum sínum inn í Borgarvirki.

Borgfirðingar umkringdu virkið og ætluðu með því að svelta menn Barða til uppgjafar. Þegar matinn þraut brugðu virkisbúar á það ráð að kasta síðasta sláturkeppnum yfir vegginn. Þetta túlkuðu Borgfirðingar þannig að ekki skorti matföng hjá mönnum Barða, og sneru því aftur fyldir heim í Borgarfjörð. Aðrar sögur segja Finnboga ramma, sem síðar settist að í Trékyllisvík á Ströndum, hafa útbúið hleðslurnar í Borgarvirki þegar hann bjó á Stóru-Borg og átti í erjum við Vatnsdæli.

Ganga á Borgarvirki er þægileg og hentar öllum aldurshópum. Fylgt er göngustíg sunnan þess og honum fylgt inn fyrir virkisveggina. Efst er útýnisskífa en frá henni sést yfir Viðidalinn og að Vatnsdalsfjalli, en líka Vestur-Hóp og Þingeyrar. Þarna sést einnig yfir að bænum Vatnsenda en þar bjó hin glæsilega og hagartha Skáld-Rósa (1795-1855) ásamt eiginmanni sínum Ólafi Ásmundssyni og vinnumanni, kvennamanninum Natani Ketilssyni. Voru þau elskendur og talið að hann hafi í raun verið faðir nokkurra af fimm börnum hennar. Játtaði hún síðar í réttarhöldum á sig hjúkaskaparbrót sem bóndi hennar fyrirgaf henni. Natan sleit síðar sambandi sínu við Rósu, sem af því tilefni orti frægt og tregablandið kvæði þar sem eitt frægasta erindið er:

*Augað mitt og augað þitt,
ó þá fögru steina.
Mitt er þitt, og þitt er mitt,
þú veist hvað ég meina.*

Áður en haldið er heim er tilvalið að ganga umhverfis virkið og lifa sig inn í atburðina úr Heiðarvíga sögu, þótt ekki þurfi lengur að vara sig á fljúgandi sláturkeppum.



Úr lofti sést dældin í miðju Borgarvirkis vel, og ekki að furða að þarna hafi Víga-Barði varist her Borgfirðinga.



Ólafur Már Björnsson
augnlæknir og
ljósmyndari



Hleðslur Borgarvirkis fara vel við náttúrulega klettana sem víða skarta stuðlabergi.



EXPLORE THE
MOUNTAINS



PASSION

QUALITY

LIGHTNESS

HEAD
NORTHUG

KVFF
alpina

SWIX
MAMMUT
SWISS 1862



Everest

Skeifunni 6 | 108 Reykjavík | Sími: 533 4450 | everest.is | everest@everest.is | facebook.com/everestverslun

Nirfilsháttur



Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Því er svo komið fyrir á Íslandi að barnabætur skerðast strax við lægstu laun, ekki við meðallaun og hvað þá hærri laun, heldur við stripuð lægstu laun, sem eru raunar undir framfærsluviðmiði hins opinbera, að teknu tilliti til húsnæðiskostnaðar.

Þetta er Norðurlandamet í nirfilshætti – og sýnir í raun og sann hver hugur stjórnvalda er til barnafólks í landinu.

Það hvarflar ekki að öðrum Norðurlandaþjóðum að taka með þessum hætti á móti börnunum sem erfa munu landið. Og þar er langur vegur frá. Skerðingar af íslenska taginu þekkjast ekki í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, en þar standa barnabætur alltaf óhreyfðar, hver svo sem launin eru. Það er aðeins í Danmörku sem stjórnvöldum dettur til hugar að skerða bæturnar, en það er vel að merkja þegar laun foreldris eru langt fyrir ofan meðallaun, nánar til tekið hærri en 1,3 milljónir á mánuði.

Og skerðingar af danska taginu eru í sjálfu sér eðlilegar, enda á það ekkert endilega að vera hlutskipti hins opinbera að rétta hálaunafólki hjálparhönd, en fyrr má nú aldeilis fyrr vera í gömlu nýlendunni í út norðri, þar sem byrjað er að brýna kutann við næstum tífalt lægri laun en þekktist í Danmörku, nánar til tekið við 351 þúsund króna lágmarkslaun. Og þau laun þykja svo há, að mati ráðherra, að fái fólk bætur fyrir börnin ofan í kaupíð, skuli skerða þær strax.

Það er svo eftir öðru að barnabætur á Íslandi elta ekki vísitöluna og rýrna að krónutölu ár frá ári. Upphæð núverandi barnabóta hefur ekki verið verðbætt frá því 2019 og mun á næsta ári halda áfram að tapa verðgildi sínu, því í fjárlögum er gert ráð fyrir aðeins 5,5 prósentu uppfærslu á þeim í stað rúmlega tíu prósentu hækkunar, sem hefði lagað bæturnar í samræmi við vísitölu.

Og framkoma ráðandi afla er öll á einn veg í þessum efnum, því verst staddi launahópurinn á þessu sviði, einstæðir foreldrar sem ætla sér að vinna meira vegna lágra barnabóta, fá einfaldlega enn minni bætur eftir því sem tekjurnar hækka.

Hver ríkisstjórnin af annarri á Íslandi skerðir kjör barnafólks, öryrkja og aldraðra í meira mæli en þekktist í löndum OECD. Í rannsóknnum Stefáns Ólafssonar, prófessors í félagsfræði, hefur raunar ítrekað komið fram að Íslendingar eru heimsmethafar í þessum skerðingum. En þar er líka pólitíkin komin, harðlínupólítíkin sem öllu ræður, því umræddir hópar eiga bökin sem byrðarnar þola. Og á meðan þarf ekki að hækka skatta á hálaunafólk. ■

“
Skerðingar af íslenska taginu þekkjast ekki í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, en þar standa barnabætur alltaf óhreyfðar, hver svo sem launin eru.

■ Halldór



■ Frá degi til dags

arib@frettabladid.is

Yfirsýn

Innheimtustofnun sveitarfélaga hefur bæst í sistækkandi hóp opinberra battería með allt niðrum sig. Var ástandið þar nú slæmt fyrir. Send var tilkynning um að tveimur stjórnendum hefði verið hent út og ekkert meira um það. Nýr stjórnarformaður talar um að ná yfirsýn. Sá gamli veit ekkert um málið. Kom svo ekki á daginn að Kveikur var búinn að vera að gramsa í ruslatunnunni. Kallar þetta á að hið opinbera setji alla umsækjendur um stjórnunarstöður í verklegt próf um hvað á að gera þegar upp kemst um fíflagang. Yrðu umsækjendur dregnir niður ef þeir könnuðust ekki við neitt og væru að vinna í að fá yfirsýn.

Skattaparadísin

Seltjarnarnesið er lítið og lágt, eins og Þórbergur orti forðum daga, en nú fer það heldur hækkaði, alltént hvað álögur varðar, og ber þá nýrra við í skattaparadísinni út við Gróttu. Samstaða Sjálfstæðisflokksins er brostin í bænum, en að minnsta kosti einn úr flokknum reyndist sammála minnihlutanum um að bærinn sé á hausnum og þurfi á skattaaðstoð bæjarbúa að halda. Og það var samþykkt í bæjarstjórninni í gærmorgun. Heyr á endemi, því frekar mátti vænta þess að páfinn í Róm kæmi út úr skápnum en íhaldið splundraðist úti á Nesi! ■

Óvæntir glaðningar



Logi Einarsson
formaður Samfylkingarinnar

„Ég tel almennt að þessi bótakerfi okkar ættu að vera í föstum skorðum og það ættu ekki að koma óvæntir glaðningar svona af og til,“ sagði fjármálaráðherra, þegar fréttamaður spurði hann hvort til greina kæmi að greiða öryrkjum 50.000 kr. skattfrjálsa auka-greiðslu fyrir jólin, rétt eins og gert var fyrir síðustu jólin. Hann telji frekar nauðsynlegt að laga grunnkerfið. Forsætisráðherra tók í sama streng þegar ég ræddi málið við hana á Alþingi við upphaf vikunnar; það sé brýnast að ráðast í heildarendurskoðun á almannatryggingakerfinu.

Í grunninn er ég sammála ríkisstjórninni, að kerfið okkar eigi að vera nægilega sterkt til að ekki sé þörf á sérstökum viðbótargreiðslum af og til. Heildarendurskoðunar er þörf. Sitjandi ríkisstjórn hefur hins vegar haft fjögur ár til þess að endurskoða og bæta kerfið, auka lífskjör öryrkja og fátækra eldri borgara. Ef eitthvað er hafa þessir hópar dregist aftur úr lífskjörum launafólks ár eftir ár. Fjárlög eftir fjárlög.

Annað fólk norpar í biðröð

Stjórnvöld hafa ríku hlutverki að gegna í baráttunni gegn ójöfnuði; réttlátt skattkerfi, félagslegt húsnæði, barnabætur og öflugar almannatryggingar skipta máli. Mikil misskipting dregur úr verðmætasköpun, skerðir lífsgæði og rýfur samkennd.

Nú liður að jólum og eflaust finnst einhverjum klisjukennt að draga upp svipmynd af folki sem mun áhyggjulaust rada villibráð og konfektí ofan í innkaupakerrur – á sama andartaki og annað fólk norpar í biðröð eftir bita af hamborgarhrygg og dós af grænum baunum hjá hjálparstofnun. En svona er þetta nú samt, því miður, enn þá hér á Íslandi.

Fimmtíu þúsund króna „óvæntur glaðningur“ til öryrkja rétt fyrir jólin dregur vissulega ekki úr samfélagslegum ójöfnuði til langframa, eins og nauðsynlegt er að gera, en hann gæti hins vegar skipt þúsundir heimila sköpun yfir hátíðirnar. Samfylkingin hefur því lagt fram þá tillögu á Alþingi að hann verði að veruleika. Og það minnsta sem þingmenn allra flokka geta gert er að greiða þeirri tillögu atkvæði sitt. ■



“
Mikil misskipting dregur úr verðmætasköpun, skerðir lífsgæði og rýfur samkennd.

Sjónmælingar eru okkar fag

Tímapantanir á opticalstudio.is og í síma 511 5800

Optical Studio
SMÁRALIND • HAFNARTORG • KEFLAVÍK

Hangikjöt og háskólar

Af Kögunarhóli



Þorsteinn Pálsson

Ráðherra, sem fer með mál hangikjötsreykinga og háskólarannsóknna, samkvæmt nýju skipulagi stjórnarráðsins, skrifaði Morgunblaðsgreini á dögunum undir fyrirsögninni: „Alvörukerfisbreytingar.“

Ráðherrann skiptir hugmyndafræði kerfisbreytinga í tvo flokka: Undir fyrri flokkinn falla: „Stjórnmálamenn, sem telja sig nútímalegri en aðrir, tala undarlega oft um kerfisbreytingar ef þeir telja sig hafa betri skoðanir en aðrir og saka þá sem ekki taka undir um íhaldssemi og afturhald.“

Síðari flokknum er lýst svo: „Það er síðan hægt að ráðast í alvörukerfisbreytingar sem taka mið af raunverulegum aðstæðum og framtíðarhorfum okkar.“

Í framhjáhlaupi

Eftir kosningar settust formenn stjórnarflokkanna þriggja niður. Þeir sögðust þurfa drjúgan tíma til að leysa þau mál, sem þeir komu sér ekki saman um á síðasta kjörtímabili. Enn fremur töldu þeir sig þurfa nokkurn tíma í samtali um þá hluti sem þeir kynnu að vera sammála um fyrir næstu fjögur ár.

Samtölin stóðu í fulla tvo mánuði. Niðurstaðan var sú að mál gamla kjörtímabilsins voru enn óleyst. Mál nýja kjörtímabilsins voru sett í nefndir.

Í framhjáhlaupi komust formennirnir að því að „raunverulegar aðstæður og framtíðarhorfur“ kölluðu á tafarlausar kerfisbreytingar á stjórnarráðinu.

Hver er hugsunin?

Ein þeirra var að færa málefni þeirra sem reykja hangikjöt og stunda annan iðnað saman í ráðuneyti með málefnum hinna, sem sjá um háskólakennslu og vísindarannsóknir á hangikjöti og fleiri hlutum og fyrirbærum.

Lengi hefur verið litið á alla skóla, rannsóknir og vísindi sem eina heild. Þekkingarmiðlunin frá leikskóla til doktorsprófs hefur því heyrt undir sama ráðuneyti.

Engar athuganir hafa verið gerðar, sem benda til galla á þessu skipulagi.

En nú kalla „raunverulegar aðstæður og framtíðarhorfur“ á að háskólar tengist fyrirtækjum, sem reykja hangikjöt. Hins vegar er ekki talin þörf á að tengja þá við hina sem ala lömbin fyrir reykingu eða þá sem selja neytendum vöruna? Og ekki er talin þörf á að háskólarnir tengist þeim sem draga þorsk úr sjó eða leiðbeina ferðamönnum?

Nám í læknisfræði fer í ráðuneyti með iðnaðarmálum, en nám í kjötiðni á ekki heima þar.

Stjórnarráðinu þarf sannarlega að breyta þannig að það virki betur sem ein heild gagnvart þeim sem það þjónar. En í því tilliti virka þessar breytingar fremur sem skref aftur á bak. Alltént er ekki ljóst hver hugsunin er.

Meiri vegur

Annað dæmi um kerfisbreytingu:

Mannréttindamálefni eru færð úr dómsmálaráðuneytinu í forsætisráðuneytið. Þau rök eru færð fyrir þessari breytingu að hún hafi verið nauðsynleg til að auka veg mannréttinda og sýna að þeim verði meiri gaumur gefinn í framtíðinni.

Enginn hefur að vísu sýnt fram á að dómsmálaráðuneytið hafi vanrækt þetta mikilvæga málefna svið. Eigi að síður verður að fallast á þau rök að það auki vægi málefna þegar þau eru færð undir forsætisráðuneytið.

Minni vegur

En með gagnályktun er þá ekki



Íslenskt ríkisbákn þarf nú tólf ráðherra, en það þýska sextán.

unnt að komast að annarri niðurstöðu en að stefna ríkisstjórnarinnar sé að draga úr vægi þeirra málefna, sem færð eru frá forsætisráðuneytinu, og ætlan hennar sé að gefa þeim mun minni gaum í framtíðinni.

Þetta er greinilega hugsunin með því að flytja Umboðsmann barna úr forsætisráðuneytinu.

Til að sýna þá djúpu alvöru, sem býr að baki þessari kerfisbreytingu, var ákveðið að setja embættið undir það fagræðuneyti, sem það á helst að hafa eftirlit með.

Endaskipti á hugsjónum

Langsamlega mesta „Alvörukerfisbreytingin“ er fjölgun ráðherra um 20 prósent og fjölgun ráðherra um 10 prósent. Það er stærsta hugsjónamálið, sem leitt var til lykta.

Í beinu framhaldi var rúmunum á geðdeild Landspítala fækkað um 10 prósent. Forgangsröðunin fer ekki einu sinni leynt.

Íslenskt ríkisbákn þarf nú tólf ráðherra, en það þýska sextán.

Sumt eldra fólk í Sjálfstæðisflokknum virðist að vísu ræða þessa nýju hugsjón eins og hún sé feimnismál.

En unga fólkíð í þingflokknum virðist standa með ráðherrum VG og líta á þessa útþenslu báknsins sem einu „Alvörukerfisbreytinguna“, sem það getur hugsað sér.

Ég man varla eftir meiri endaskiptum á hugsjónum. ■

Hugvekja á aðventu



Guðjón Jensson eldri borgari og leiðsögumaður í Mosfellsbæ

Framtíð mannkynsins og þar með jarðarinnar, kemur oft í huga okkar. Á þessu ári minnumst við loftslagsráðstefnunnar sem haldin var að þessu sinni í Skotlandi. Við mannkyni blasir mikil ógn af ýmsum ástæðum, en orsökina er aðallega græðgin og ágengni mannfólksins til gæðanna.

Við horfum upp á miklar breytingar í veðurfarinu vegna hækkandi hitastigs, sem víða veldur vandræðum: eyðandi stormar sums staðar, hækkandi sjávarstaða annars staðar sem ógna víða byggð rétt við sjávarmál, stækkandi eyðimerkur sem auka enn á vandann og grafa undan góðu mannlífi með vaxandi erfiðleikum og fátækt, samhlíða misskiptum lífsgæðum. Tugir milljóna flóttamanna reyna að finna sér betra umhverfi þar sem ekki er styrjaldrástand og stjórn-

samir einræðisherrar sem beita íbúa ranglæti og harðræði.

Rót meginvandans er hergagnaframleiðslan, sem hefur verið stigvaxandi allt frá aldamótunum 1900. Ekki hefur tekist að koma neinum böndum á hana og verður að teljast mjög miður. Á dögunum var sagt frá að það fríðsama Finnland hefði fest kaup á tugum bandarískra herflugvéla sem kosta hvert mannsbarn þar í landi þúsundir evra. Mætti ekki verja þeim háu fjármunum í eitthvað nyttsamara en að mylja undir stríðsherra heimsins?

„Hernadarútgjöld áfram að aukast“, er fyrirsögn lítillar fréttar, í Fréttablaðinu 7.12. sl. Þar segir: „Útgjöld til hundrad stærstu hergagnasala heims námu rúmlega 530 milljörðum dollara.“

Við gætum slegið margar flugur í einu höggi með því að beina fjármunum ætluðum til herganga í annað þarfara: Norðurströnd Afríku var kornforðabúr Rómaveldis á sínum tíma. Þar breyttust með falli þess atvinnuhættir til verri vegar með mikilli rányrkju. Þessu mætti breyta auðveldlega. Koma mætti upp gríðarmiklum sólarorkuverum til að framleiða rafmagn. Unnt væri að eima vatn úr sjó og dæla á land,

með það að markmiði að endurvekja kornforðabúr Rómaveldis.

Öll norðurströnd Afríku er mjög heppileg til þess og mætti koma þar upp góðu búsvæði tugmilljóna flóttamanna, sem leita sér betri og öruggari framtíðar. Með þessu mætti draga úr flóttamannastraumnum. Og eftir því sem tímar líða myndu akrar og gott búsvæði teygja sig sífellt yfir stærra svæði og verða athvarf og starfsvettvangur tuga milljóna. Gæti þetta starf haft áhrif á sjávarstöðuna og stuðlað að aukinni jöfnun gagnvart hækkanði sjávarýfirborði frá gríðarlegri bráðnun jökla?

Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna ætti að vera unnt að hafa frumkvæði að þessu metnaðarfulla verkefni, sem væri öllu mannkyni til blessunar. Við eigum aðeins eina jörð og vonina eftir að unnt verði að koma í veg fyrir algjöra tortímingu alls lífs.

Kostnaðurinn yrði auðvitað mjög mikill. Með því að draga verulega úr sóun verðmæta vegna hergagnaframleiðslu mætti auðveldlega fjármagna þetta verkefni sem væri til að efla fríðsamleg samskipti þjóða á milli.

Fram undan eru jólin, fríðarhátíð kristninnar. ■

Mikið úrval rennihurðabrauta frá **GEZE** Þýsk gæðavara.

Brautirnar eru fánlegar með mjúklökun

JARN & GLER
Skútuvoði 1h - Sími 585 8900
www.jarngler.is

BLINDRAFÉLAGIÐ
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAD 1939

VINNINGASKRÁ
Vetrarhappdrætti 2021. Dregið 13. desember 2021

1. vinningur:
Toyota Corolla Hybrid Active Hatchback 5 dyra, sjálfskiptur
Verðmæti: 5.190.000 kr. Miði nr. 21152

2. - 11. vinningur:
Gjafabréf frá Eminum reiðhjólaverslun. Hvert að verðmæti kr. 500.000

10495	12657	21614	26339	47303
11493	18813	23379	36067	54281

12. - 26. vinningur:
Ferðavinningur með leigufugi frá Heimsferðum.
Hver að verðmæti kr. 300.000

1234	24580	30689	36995	42806
6558	24755	34702	38577	53207
20993	25733	35145	42403	54779

27. - 61. vinningur:
Gistivinningur fyrir tvo í 7 nætur með morgunverð á þriggja stjörnu Íslandshótelu að eigin vali. Hver að verðmæti kr. 188.300

2337	15801	30135	39435	48194
5908	19353	31322	39797	51602
7300	21804	32083	41231	55737
7608	22719	33147	43913	56949
7908	23493	34232	45854	57173
8612	25598	38295	47725	57538
11090	26027	38681	48106	57632

62. - 96. vinningur:
Gistivinningur fyrir tvo í tvær nætur með morgunverð á þriggja stjörnu Íslandshótelu að eigin vali, ásamt þriggja rétta kvöldverði annað kvöldið.
Hver að verðmæti kr. 59.900

1193	13848	31171	38813	50033
2815	20723	33682	40742	50352
3078	21747	35991	41939	51939
4110	22099	36208	45668	52592
5249	23129	36366	46208	54162
8228	26885	36651	47470	55793
10980	27010	38785	49989	56991

97. - 116. vinningur:
Samsung Galaxy S21+ snjallsími. Hver að verðmæti kr. 185.995

716	11156	36899	42130	49965
4754	12325	38731	42682	50575
6593	17133	41260	44939	51408
6722	17379	41354	47163	54091

117. - 136. vinningur:
Gjafakort frá Smáralind. Hvert að verðmæti kr. 100.000

8176	9991	17353	32998	46487
8314	10969	17474	33077	46881
8580	12890	23952	34155	51715
9506	15906	26296	38752	54277

Vinninga ber að vitja innan árs á skrifstofu Blindrafélagsins, Hamrahlíð 17. Upplýsingasími 525 0000. Birt án ábyrgðar

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Blekkingar Ísteka og MAST



Ole Anton Bieltvedt
stofnandi og for-
maður Jarðarvina

Blóðmerahald hefur farið hér fram í 40 ár, þó að það hafi lengst af farið leynt. Matvælastofnun, MAST, hefur verið eftirlitsaðili með því, frá tilkomu þeirrar stofnunar, 2008.

Vegna almennra laga um dýravernd er ekki vítað til að almennt blóðmerahald fari fram í öðrum evrópskum löndum, enda sæta fullar eða mjólkandi hryssur víðast hvar sérstakri vernd, vegna þess viðkvæma ástands sem þær eru í.

Ísteka hefur stundað blóðtöku af fylfullum hryssum í 20 ár. Hefur það félag lagt áherzlu á að öll þeirra

starfsemi væri dýravæn, misþyrmingar og ofbeldi við dýrin væru ekki á dagskrá, og fullyrðir Ísteka á heimasíðu sinni þetta: „...það eru vandfundin húsdýr sem hafa það betra en blóðgefandi hryssur“.

Á heimasíðu Ísteka stendur svo líka þetta: „Líftæknifyrirtækið Ísteka nýtir gjafablóð úr fylfullum hryssum...“. „gjafablóð“? Til að hægt sé að tala um „gjöf“, þarf gefandi að koma til. Hver er hann? Ekki bóndinn, sem vel fær greitt fyrir blóðið. Og, ekki er það heldur hryssan, sem „gefur“ blóð.

Blóðið er svo sannarlega tekið úr henni með valdi eða ofbeldi. Þetta er lítið dæmi um þær blekkingar sem Ísteka reynir að beita, til að réttlæta þá óiðju, sem blóðmerahaldið er.

Annað dæmi: Fyrirsögn á heimasíðunni er svona: „Fimm mínútna blóðgjöf“. Í texta, þar fyrir neðan, kemur svo: „... dýralæknir staðeyfir



Leyndardómur Jólanna

Jólatónleikar Kórs Hallgrímskirkju



Kór Hallgrímskirkju býður til jólatónleika þann 16. desember klukkan 20

Flutt verða verk eftir Macmillan, Britten, Victoria, Handl, Þorvald Örn Daviðsson og Svanfríði Gunnarsdóttur ásamt fleirum.

Á tónleikunum verður gætt vel að öllum sóttvörnum og þurfa tónleikagestir að sýna neikvætt hraðpróf sem má ekki vera eldra en 48 klukkustunda.

Grimuskylda er á tónleikunum.

Kór Hallgrímskirkju

Stjórnandi: Steinar Logi Helgason
Jóna G. Kolbrúnardóttir, sópran
Baldvín Oddsson, trompetleikari

Miðaverð: 3500 kr

Miða er hægt að nálgast á tix.is og við innganginn

hryssuna fyrir blóðgjöfina sem tekur fimm til tíu mínútur...“. Allt í einu getur þá tíminn orðið tvöfalt meiri, sem er heldur ekki rétt, vegna þess að í skrifum MAST til okkar, Jarðarvina, 6. febrúar 2020, segir að blóðtakan taki 15 mínútur.

Þarna er aftur verið að reyna að fegra þessa óiðju með blekkjandi framsetningu.

Því miður á það sama nokkuð við um MAST.

Í bréfaskiptum okkar Jarðarvina við MAST, líka frá í febrúar 2020, áttu þessi orðaskipti sér stað:

Jarðarvinir: „Í Suður-Ameríku eru þær oft knúðar inn í básana með raflosti, beittum prikum, járnstöngum, spörkum eða höggum. Gerist það líka hér?“

Svar MAST: „Nei. Því fer fjarri að „augljóslega þurfi að beita hryssurnar ofbeldi“.

Á öðrum stað í þessum bréfaskiptum segjum við, Jarðarvinir:

„Nú eru þetta villt dýr. Er augljóst, að ekki verður tappað blóði af þeim nema með heiftarlegu ofbeldi gagnvart þeim. Beðið er um lýsingu á þessum blóðtökuáferðum“.

Svar MAST: „Blóðtökustaðan er þannig útfærð, að hryssurnar renna alla jafna átakalaust inn í blóðtökubása...“. Auðvitað er þetta heldur ekki rétt lýsing, öllu fremur blekking, eins og myndbönd dýraverndunar-samtakanna sýna ótvírætt.



Riftun Ísteka á samningum við 2 af 119 bændum, er því fremur lélegur brandari, en eitthvert innlegg í málið.

Af hverju MAST heldur hér verndarhendi yfir þeirri óiðju sem blóðmerahaldið er, og allir hafa nú séð að svo er, í stað þess, að verja dýrin og velferð þeirra, eins og lög nr. 55/2013 segja skýrt til um, er fyrir undirrituðum ráðgáta, sem þó hlýtur að vera skýring á.

Eins og margoft hefur komið fram eru blóðmerahryssurnar flestar ótamdar, hálf- eða alvilltar, og eru þær í útigangi allt árið.

Þetta eru því stygg og fælin dýr, ekki sízt, þegar þær hafa eignast folald, sem er rétt 2-3 mánaða, þegar blóðtaka hefst, og er því fullyrðing MAST um, að „þær renni alla jafna átakalaust inn í blóðtökubása...“ augljóslega ómarktæk.

Í Morgunblaðinu sl. mánudag er svo frétt undir fyrirsögninni „Kostar tugi milljóna“.

Þar er fjallað um skrif Ísteka til blaðsins, þar sem fullyrt er að fyrirtækið ætli að ráðast í víðfeðmar umbætur á eftirliti með blóðgjöfum hryssa. Eins er greint frá því, að Ísteka hafi rift samningi við 2 bændur, sem á að sýna, að hér sé Ísteka að taka til hendinni.

Þetta er þó líka fremur enn ein blekkingin, þar sem bændurnir, sem stunduðu blóðmerahald sl. sumar, voru 119 talsins.

Dýraverndunarsamtökin, sem að rannsókni málsins stóðu, hafa lagt áherzlu á að þessi illa meðferð hryssanna, við að koma þeim í blóðtökubás og tappa af þeim 5 litrum af blóði, sé almenna reglan, ekki undantekningin!

Riftun Ísteka á samningum við 2 af 119 bændum, er því fremur lélegur brandari, en eitthvert innlegg í málið.

Kjarni málsins er þó auðvitað sá að Ísteka og MAST hafa þóst hafa góða stjórn á þessu blóðmerahaldi undanfarin 10-20 ár, en það hefur greinilega alls ekki tekizt – framkvæmdin hjá Ísteka og eftirlitið hjá MAST – og er því engin ástæða til að ætla að það takist frekar nú en síðastliðinn áratug, enda er vandinn sá að blóðmerarnar eru ótamin, villt dýr í útigangi, og eftir því, sem meira og harðar er gengið að þeim, þau meira kvalin, þeim mun styggari verða þau auðvitað. ■



*Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum

20%
AFSL

AF SKÍÐAPÖKKUM FRAM AD JÓLUM

Á AÐ SKELLA SÉR
Í BREKKURNAR
Í JÓLAFRÍINU?

ÚTILÍF | *íjólaskapi*

FIMMTUDAGUR 16. desember 2021



Stephen Curry fagnar nýju þriggja stiga meti. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Glæsilegt met hjá Stephen Curry

starri@frettabladid.is

Stephen Curry, leikmaður Golden State Warriors í NBA-deildinni í körfubolta, sló nýtt met aðfaranótt miðvikudags, þegar hann skoraði fimm þriggja stiga körfur í leik gegn New York Knicks og varð um leið sá leikmaður sem hefur skorað flestar þriggja stiga körfur í sögu deildarinnar.

Þriggja stiga karfan sem sló metið kom eftir sjö mínútur og 33 sekúndur í fyrsta leikhluta, eftir stoðsendingu frá Andrew Wiggins. Þjálfari Warriors bað umsvifalaust um leikhlé svo Curry og liðsfélagar gætu fagnað nýja metinu.

Metið vex áfram

Eftir leikinn hefur Curry skorað 2.978 þriggja stiga körfur á ferlinum, eða fjórum fleiri en Ray Allen, sem átti metið áður. Curry hefur þó spilað mun færri leiki en Allen, eða 789, samanborið við 1.300 leiki Allens. Ef Curry sleppur við alvarleg meiðsli næstu árin mun talan því hækka verulega en hann er 33 ára gamall og samningsbundinn Warriors til ársins 2025.

Leikurinn fór fram á heimavelli New York Knicks í Madison Square Garden og á meðal áhorfenda voru fyrri methafi, Ray Allen, og Reggie Miller, sem er í 3. sæti á listanum með 2.560 þriggja stiga körfur. Auk þess var hluti fjölskyldu Curry meðal áhorfenda og fagnaði með sínum manni að leik loknum. ■



Ástrós Sigurðardóttir segir að heildsalan hafi unnið að því síðustu ár að koma Kiehl's húðvörnum á markað á Íslandi. Um er að ræða afar virtar og virkar húðvörur sem fólk elskar um allan heim. Slagorð Kiehl's-húðvörumerkisins eru stikkorðin náttúra – vísindi – þjónusta. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Kiehl's húð- og hárvörurnar loksins fáanlegar á Íslandi

Terma kynnir í fyrsta sinn á Íslandi húð- og hárvörur frá bandaríska merkinu Kiehl's. Kiehl's leggur áherslu á náttúrulegar formúlur, virkni og gagnsæi í hráefnanotkun. **2**



„Við höfum unnið að því að fá inn Kiehl's vörurnar í mörg ár, en um er að ræða sjötta stærsta húðvörumerki á markaðnum í dag,“ segir Ástrós Sigurðardóttir hjá Terma heildsölu. „Það segir líka sitt að Kiehl's hefur aldrei verið mjög áberandi á auglýsinga-markaðnum heldur frekar treyst á umtal ánægðra viðskiptavina. Þegar fólk ferðaðist sem mest sóttu mjög margir Íslendingar í vörurnar frá Kiehl's þegar þeir voru erlendis. Það er því mjög stórt skref fyrir okkur að koma með þessar vörur á markað hér á landi, enda hafa Íslendingar beðið nógu lengi eftir að geta keypt þessar vörur hér heima,“ segir Ástrós.

Terma á Íslandi

Heildsalan Terma var stofnuð árið 1983 og hefur sérhæft sig í að leita uppi og flytja inn bestu snyrti- og húðvörur sem bjóðast í heiminum í dag. Heildsalan flytur einnig inn nokkur af stærstu förðunar- og húðvörumerkjum heims og hefur stækkað mikið síðustu ár samhliða L'Oréal lúxusdeildinni. „Við erum sterk í illum og fylgjum vel áherslubreytingum sem hafa orðið síðustu ár í ilmbransanum. Fólk velur í meira mæli hátískuilmi frá tískuhúsum eins og Ralph Lauren, Valentino og Prada. Í ár tókum við svo inn nýja og spennandi ilmínu, Replica frá Maison Margiela tískuhúsinu, sem á eftir að vera mjög áberandi þessi jól.“

Upprunið í apóteki

Kiehl's var upphaflega hugarústur apótekara að nafni John Kiehl í New York árið 1851. „Hann framleiddi ýmsar mixtúrus og formúlur úr náttúrulegum hráefnum. Lærlingur Kiehl, Irving Morse, tók svo við merkinu og hóf að blanda húðvörur og fleira úr jurtum og hunangi. Þá kom fyrsta Kiehl's húðvaran á markað, sem sums staðar er enn til sölu í dag í völdum verslunum. Árið 1924 tekur sonur lærlingsins, Aron, við. Hann var efnafraeðingur og flugmaður og formúleraði háþróaðar og virkar efnafórmúlur fyrir andlit og hár. Þetta byrjar sem litil fjölskylduverslun og er það allt fram eftir öldinni. Það var ekki fyrr en 2001 sem Kiehl's opnaði verslun númer tvö,“ segir Ástrós.

Í dag samanstendur Kiehl's af breiðri línu með andlitsvörum, líkamsvörum og hárvörum. Þá eru líka skeggolíur og krem fyrir herrana. Vörurnar eru þó almennt ekki sérstaklega markaðssettar fyrir karla eða konur, frekar og raunin er með mörg merki í dag. „Það er til dæmis enginn sérstakur herrailmur af vörum til að höfða til herranna. Kiehl's merkið býður í staðinn upp á vörur sem eru frábærar fyrir nær allar húðgerðir og aldur.“ Mikil áhersla er lögð á umhverfisvænar formúlur og lágmarksambúðir sem í dag eru allar endurnýttar og endurvinnanlegar.

Einnig býður merkið upp á krem og serum unnin í samstarfi við virta húðlækna, sem ætlað er að vinna á ákveðnum húðvandamálum eins og slappleika í húð, litabreytingum eða bólumyndun. Einnig er Kiehl's með frábærar vörur eins og krem og hreinsiefni fyrir börn og sem henta á meðgöngu. „Þá fæst einstakt sólar krem fyrir fólk með bólumvandamál í húðinni sem á erfitt með að finna sólar krem sem hentar. Það er gott að geta komið með lausn fyrir allar húðgerðir hvað þetta varðar, enda kemur æ betur í ljós hve mikilvæg sólarvörnin er fyrir heilbrigði húðarinnar.“

Það hefur ætíð verið mikilvægt hjá merkinu að bjóða upp á prufur fyrir viðskiptavinum, enda hefur



Íslendingar hafa lengi sótt í Kiehl's vörurnar þegar þeir fara utan. Nú fást vörurnar loksins í verslunum á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Ultra Facial rakabomba læsir rakann inni í húðinni og verndar hana fyrir erfiðustu aðstæðum.



Creamy Eye Treatment augnkremið er ótrúlega milt og gefur mikla og djúpa næringu, dregur úr línumyndun, jafnar litarhátt og gefur ljóma.



Midnight Recovery Concentrate serumið gefur jafnari áferð og ferskt yfirbragð. Það örvar endurnýjun húðarinnar og hefur fyrirbyggjandi áhrif á öldrun hennar.

Þú getur alltaf gengið að því vísu að vörurnar frá Kiehl's séu úr náttúrulegum og lífrænum formúlum.

merkið mikla trú á vörunum sínum. Þá koma vörurnar einnig í mörgum mismunandi stærðum sem tryggir að viðskiptavinur geti betur fundið út hvað hentar hans eigin húðgerð,“ segir Ástrós.

Náttúra, vísindi og þjónusta

Frá fyrsta degi hafa slagorð Kiehl's verið náttúra – vísindi – þjónusta. „Þú átt að fá sömu faglegu þjónustuna í Kiehl's, hvar sem þú verslar í heiminum. Merkið heldur enn þá kyrrflega í apóteksupprunann með notkun náttúrulegra hráefna í vörunum og í útliti verslananna. Í Kiehl's verslunum erlendis tekur á móti þér beinagrind, starfsfólkið klæðist tilraunaslöppum og búðirnar eru skreyttar tilraunaglössum, apótekarafloeskum og gömlum lyfjahandbókum.“

Margir velja Kiehl's vegna greiðs aðgangs að upplýsingum um innihaldsefni í vörunum. „Þú getur lesið framan á öllum vörum Kiehl's hvaða innihaldsefni eru í mestu magni og hvaða gagn þau gera fyrir þig. Þú getur alltaf gengið að því vísu að vörurnar frá Kiehl's séu úr náttúrulegum og lífrænum formúlum, enda leggja þeir mikið upp úr að sækja virknina beint í náttúruna. Þá nota þeir mikið til olíur unnar úr jurtum og náttúrulegum efnum. Einnig er mikið lagt upp úr því að taka aukaskref við að vinna hráefnin og olíurnar þannig að húðin nýti virku efnin sem allra best. Kiehl's hefur meðal annars þróað nýtt serum sem inniheldur einstaklega smáar sameindir af hýalúrónsýru, sem gerir henni kleift að smjúga enn betur inn í húðina en áður,“ segir Ástrós.

Uppáhaldsvara allra

Ultra Facial rakakremið frá Kiehl's hefur lengi verið ein allra vinsælasta vara Kiehl's. „Þetta 24

Það er ekki síður mikilvægt að gleðja sjálfan sig fyrir jólin. Þá koma húðvörurnar frá Kiehl's einstaklega sterkar inn.

klukkustunda rakakrem er alger rakabomba sem læsir rakann inni í húðinni og verndar fyrir erfiðustu aðstæðum eins og veðri, vindum og hita- og rakabreytingum í andrúmsloftinu. Kremið hentar öllum húðgerðum, kynjum og aldri. Kremið er létt og smýgur vel inn í húðina, sem fær jafnari og mýkri áferð. Fólk sem flýgur mikið, eins og flugfreyjur og -þjónar, er sammála um að þetta krem reddi algerlega húðinni í flugi, enda er loftraki sérlega lítill í háloftunum. Rakakremið er líka frábært allt árið um kring fyrir okkur sem búum í þurru og breytilegu loftslagi eins og er á Íslandi. Þá vinnur kremið á móti þeim tíðu hita- og veðrabreytingum sem eiga sér stað yfir árið og stundum oft á dag.“

Stjórnumar lofsama það

Creamy Eye Treatment augnkremið með avókadó er langvinsælasta augnkremið frá Kiehl's. „Margir kannast við kremið úr Youtube-myndböndum enda er þetta algerlega frábært augnkrem sem hentar öllum kynjum, aldri, húðgerðum, jafnvel þeim allra viðkvæmstu. Stjórnumar keppast við að hæla þessari vöru og Kylie Jenner er til dæmis mikill aðdáandi. Kremið er ótrúlega milt og gefur mikla og djúpa næringu, dregur úr línumyndun, jafnar litarhátt og gefur ljóma. Kremið smýgur vel inn í húðina og smitast ekkert, heldur situr á svæðinu sem þú berð það á. Hægt er að bera þunnt lag að morgni en líka þykkara lag á kvöldin og leyfa því að liggja á húðinni yfir nóttina til að vakna extra ferskur.“

Andlitslyfting á meðan þú sefur

Midnight Recovery Concentrate næturserumið er virk næturmedferð frá Kiehl's sem hentar öllum húðgerðum. „Serumið er stútfullt af virkum náttúrulegum olíum, sérstaklega unnum svo að þær smjúgi vel inn í húðina. Olíurnar líkjast þeim sem eru náttúrulega í húðinni og draga fram bestu eiginleika húðarinnar á náttúrulegan hátt. Serumið gefur jafnari áferð og ferskt yfirbragð. Það örvar endurnýjun húðarinnar og hefur fyrirbyggjandi áhrif á öldrun húðarinnar. Við finnum mörg hver hvernig húðin stífnar upp yfir daginn og þornar. Þegar serumið er borið á fyrir nóttina finnurðu hvernig húðin verður teygjanlegri og mýkri.“

Gleðjum húðina um jólin

„Kiehl's er klárlega ein flottasta jólagjöfin í ár enda eru þetta margreindar vörur með gríðarlega hluðuð vísindi á bak við sig. Lítil hlutföll uppfylliefna tryggja að vörurnar virka vel og endast þér lengi. Það er ekki síður mikilvægt að gleðja sjálfan sig fyrir jólin. Þá koma húðvörurnar frá Kiehl's einstaklega sterkar inn, því þær næra húðina í þessum kaldasta og myrkasta mánuði ársins,“ segir Ástrós að lokum. ■

Kiehl's húð- og hárvörurnar, sem og aðrar vörur frá Terma, fást í verslunum Hagkaupa í Smáralind og Krínglunni.

www.hjahrafnhildi.is



Verð
32.980



Verð
33.980



Verð
29.980



Verð
29.980



Verð
32.980

Jólagjöfin hennar

NeroGiardini
MADE IN ITALY



Verð
34.980



Verð
29.980



Verð
31.980



Verð
33.980



Verð
33.980



Verð
32.980



Verð
37.980

hjá
Hjahrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

Útivistarfatnaður sameinar Gucci og The North Face

Frægustu tískuhús í heimi reyna stöðugt að finna leiðir til að koma með nýjungar. Covid-lokanir hafa haft mikil áhrif á framleiðsluna. Gucci fór ekki hefðbundna leið þegar tískuhúsið gerði samstarfssamning við The North Face.

elin@frettabladid.is

The North Face er þekkt bandarískt útivistarmerki. Listrænn stjórnandi Gucci, Alessandro Michele, fer sannarlega ekki nýjar leiðir í hönnun sinni. Sjálfur er hann mikill útivistarmaður og elskar allt frá áttunda áratug síðustu aldar. Það urðu reyndar margir hissa þegar eigendur Gucci



Fatnaðurinn er úr endurunni efni sem hægt verður að endurvinna.

réðu hann í þetta starf árið 2015. Fyrirtækið var á mikilli niðurléi en Alessandro tókst að rífa reksturinn upp með hugmyndaauðgi og frumlegri hönnun.

Í nýlegum þætti af 60 mínútum á CBS var viðtal við Alessandro Michele, sem þykir yndislega sérvitur. Hann er sagður hafa ýtt vörumerkinu inn á nýtt tímabil á ögurstundu fyrir fyrirtækið. Á þremur árum þrefaldaðist salan hjá Gucci sem þykir nú eitt

heitasta tískumerkið á markaði.

Það var því nokkur eftirvænting þegar Gucci boðaði samstarf við The North Face í lok síðasta árs. Tvö andstæð vörumerki sameinuðust í takmörkuðu úrvali af útivistarfatnaði. Fatnaðurinn varð svo vinsæll að nú er að koma ný lína. Þetta er reyndar ekki í fyrsta skipti sem frægt tískuhús tekur upp samstarf við sportvörufyrirtæki. Prada og Adidas hafa gert það sama og sömuleiðis Stüssy og Dior. Þessi nýja fatalína nefnist The North Face x Gucci og eru fötin kyrfilega merkt með því merki. Vörulínan var seld í Hong Kong, Sjanghai, London, New York og Mílanó. Merkið kemur með nýjan



Útivistarfatnaður Gucci og The North Face þykir minna á áttunda áratuginn.

andblæ inn í krefjandi Covidheim, segja samstarfsaðilarinnir. Fatalínan er sögð hagnýt og kynhlutlaus. Yfirhafnir, skófataður, peysur og töscur, svo eitthvað sé nefnt. Allt unnið úr endurnýttum efnum sem áfram verður hægt að endurvinna. Fatnaðurinn á að endast, samkvæmt stefnu þessara tveggja rísa. Boðuð eru tjöld, svefnpokar og bakpokar í þessari nýju línu, sem eru frábærar fréttir fyrir þá sem vilja fylgja tískunni í öllu

sem þeir gera. Gönguskórnir þykja einstakir með Goodyear-sóla og reimum úr reipi.

Með þessu er Gucci að viðurkenna breytta hegðun með Covid. Fólk leitar út í náttúruna. Þegar línan var kynnt var hún mynduð í Ólpunum af ljósmyndaranum Daniel Shea. The North Face er orðið gamalgróið útivistarmerki. Var stofnað í San Francisco árið 1968 og hefur alla tíð verið brautryðjandi í vörunýjungum. ■



Gönguskórnir hafa vakið mikla athygli.

HLÝJAR JÓLAGJAFIR

HANDA ALLRI FJÖLSKYLDUNNI

F E L D U R

V E R K S T Æ Ð I

Verslun | Snorrabraut 56, 105 Reykjavík | 588 0488 | Vefverslun á Feldur.is



ZE-ZE pífukjöll
Fæst líka í Navybláu
Stærðir 38-48
Verð kr. 8.990



ZE-ZE kjöll
Stærðir 38-48
Verð kr. 10.990



ZE-ZE plíseraður kjöll
Fæst líka í Navybláu
Stærðir 38-48
Verð kr. 11.990



ZE-ZE Tunika
Fæst líka í rauðu
Stærðir 38-48
Verð kr. 7.990



ZHENZI kjöll með pífu
Stærðir 42-52
Verð kr. 12.990

20% afsláttur af völdum vörum - tilboðið gildir allan daginn – líka í netverslun

**OPIÐ
TIL
KL. 22**



ZE-ZE skyrta
Fæst líka í bleiku og bláu
Stærðir 38-48
Verð kr. 6.990



ZE-ZE þrjónavesti
Fæst líka í svörtu
Stærðir 38-48
Verð kr. 9.990



ZE-ZE kragabólur
Fæst í fleiri litum
Stærðir 38-48
Verð kr. 4.990



ZHENZI peysa
Fæst líka í bleiku og svörtu
Stærðir 42-52
Verð kr. 8.990



ZHENZI Twist stretchbuxur
Fást í nokkrum litum
Stærðir 42-58
Verð kr. 7.980

SYBEL
FRANSEN

festival
DENMARK
Tamaris

STUDIO
yesta yest

GOZZIP
no secret

SANDGAARD
ROBELL

LASESSOR
Q'nee
ZHENZI

Handberg
ZEZE
Nordic

Jana
OPHILIA



ZE-ZE Náttföt
Fást líka í bleiku og bláu - Stærðir 38-48
Verð Náttbólur kr. 5.990
Náttbuxur kr. 6.990



ZE-ZE Náttföt
Fást líka í brúnu og bláu - Stærðir 38-48
Verð Náttbólur kr. 4.990
Náttbuxur kr. 6.990



ZE-ZE Náttkjöll
Fæst líka í brúnu og bláu
Stærðir 38-48
Verð kr. 5.990



ZE-ZE Náttkjöll
Fæst líka í bleiku og brúnu
Stærðir 38-48
Verð kr. 5.990



ZHENZI Shapewear
Fæst líka í styttri sídd
Stærðir 42-52
Verð 5.590

Ver slunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Hátíðarklæðnaður með blúndum eða silki

Nú líður senn að jólum og áhugavert er að sjá hvaða stefnur og straumar verða ríkjandi í fatastílnum. Við fengum Danfríði Árnadóttur, verslunarstýru hjá Mathilda, sem er yfirleitt kölluð Dabbý, til að fara yfir stílinn um hátíðirnar.

sjofn@frettabladid.is

„Áhrifin á hátíðarklæðnaðinn koma sterk inn sem Hollywood glamúr og má þar nefna silkiáferð í bland við blúndur og leður,“ segir Dabbý. „Efniviðurinn er þægilegur og vellíðan í fyrirrími þegar í hátíðarklæðnaðinn er komið. Jólaliturinn í ár er klárlega dökkgrænn, kremadur, svartur og rauður.“

Aðspurð segir Dabbý að fylgihlutir séu alla jafna ómissandi og sumir meira en aðrir. „Það er alltaf gaman að eiga fallega tösku og ég mæli með að eiga nokkrar til að poppa upp klæðnaðinn. Bólstraðar töskur í nude, camel eða svörtum lit, silkislaður í hár eða um háls eru líka inn í dag. Svo eru það skórnir sem setja punktinn yfir i-ð. Áberandi í skótískunni eru litríkir glitrandi strigaskór og há stígvél sem ganga einstaklega vel við kjóla. Þá þarf að passa að ofgera ekki í skarti þegar klæðnaðurinn er glamúr.“

Aramótaklæðnaðurinn sem mun steinliggja í ár að mati Dabbýjar er fallegur síðkjóll úr blúndu



eða silki sem er líka þægilegur. „Það skiptir máli að klæðnaðurinn sé þægilegur og stuðli að vellíðan og um leið undirstriki glæsileika. Svo er næs að vera í áberandi strigaskóm, hælum eða kúrekaskóm, sem eru mjög heitir í dag.“

Svo eru það jólagjafirnar sem njóta vinsælda en í ár eru það pelsar, kápur, úlpur, töskur, peysur, göður jogginggalli, ilmvatn, undirföt og náttföt,“ segir Dabbý og bætir við að það sé áberandi að konur vilji þægilegan og hlýjan fatnað sem veiti þeim vellíðan. ■

Dabbý telur að fylgihlutir séu alla jafna ómissandi og sumir meira en aðrir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Síður blúndukjóll frá Dea Kudibal undirstrikar hátíðleikann og steinliggur sem áramótakjóll.



Fallegur og léttur jólakjóll sem alltaf er hægt að nota.

Afslöppuð tiskufyrirmynd

Það kann að koma mörgun á óvart að leikarinn Adam Sandler er sú tiskufyrirmynd sem hefur mest verið leitað að á Google leitarvélinni á þessu ári.

sandragudrun@frettabladid.is

Árlega gefur Google út lista yfir það efni sem oftast er flett upp á í leitarvélinni það árið. Hægt er að skoða leit eftir löndum og ýmsum flokkum eins og fréttum, menningu, íþróttum og tisku. Ótrúlegt en satt þá var fatastíl Adams Sandler oftast flett upp á þessu ári en stíl nokkurrar annarrar stórstjörnu. Þegar hugsað er um þá stjörnu sem hefur besta fatastílinn eru líklega aðrar sem koma upp en hinn ágæti Sandler. Aðrir leikarar á hans aldri eins og George Clooney, Brad Pitt og Tom Cruise hafa allir verið lofaðir fyrir fatastíl sinn í virtum tiskutimaritum, en Adam Sandler sker sig úr.

Það mætti kalla stíl Adams Sandler mjög afslappaðan. Hann gengur oft um í síðum körfuboltastuttbuxum og mjög viðum stuttermabolum, klunnalegum strigaskóm, Ugg kuldaskóm og með íþróttasólgleraugu. Hann hefur jafnvel mætt á frumsýningar og verðlaunafhendingar í inniskóm og stuttbuxum. Grínleikarinn Pete Davidson sagði árið 2020 að Sandler væri uppáhaldstiskufyrirmynd sín og margir hafa líkt viðum buxunum sem Justin Bieber gengur oft í við buxurnar hans Sandler. Á TikTok er stíll leikarans vinsæll og mikið í umræðunni. Yfir 330 þúsund myndbönd á samfélagsmiðlinum hafa notað myllumerkið #sandlercore til að ræða stíl leikarans.

Hin nýja staða Sandler sem tiskufyrirmyndar er hluti af stærra tiskufyrirbrigði sem hefur verið kallað „slob-ebrities“ á ensku og mætti þýða sem sóðstjörnur á íslensku. Aðrar stjörnur sem til-



Notendur Google virðast vilja líkja eftir hinum afslappaða „stíl“ Sandler.

heyrja þessu tiskufyrirbrigði eru til dæmis Jonah Hill, Larry David, áður nefndur Pete Davidson og Justin Bieber.

Slétt sama um tiskustrauma Það hefur verið sagt að það sé einmitt skortur hans á stefnu í fatastíl sem geri hann óvart að tiskufyrirmynd. Það hafa jafnvel verið skrifaðar greinar þar sem sagt er að hatur Adams Sandler á tisku geri hann að fyrirmynd margra í fatastíl. Þegar heimsfaraldurinn skall á og fólk fór að eyða meiri tíma



Adam Sandler og Victor Turpin í partíi eftir frumsýningu á Murder Mystery. Victor í sínu finasta þússi en Adam í íþróttajakka, bómullarbol og pokalegum buxum.

heima hjá sér en áður, þá fylgdi því óhjákvæmilega að eftirspurn eftir þægilegum fatnaði jókst. Það er því kannski ekki skýrtíð að sífellt fleiri taki fatastíl Adams Sandler sé til fyrirmyndar.

Í dag, á tímum áhrifavalda, geta Hollywoodstjörnur haft gríðarleg áhrif á tiskuna með tiltölulega fáum millilíðum. Þær þurfa oft ekki annað en að birta mynd af sér í einhverri flik á Instagram og umsvifalaust slær hún í gegn. Tiskan breytist hratt og skynditiskan svokallaða ýtir undir stöðuga neyslu með tilheyrandi slæmum áhrifum fyrir umhverfið. Á sama tíma heldur Adam Sandler tryggð við sínar pokalegu buxur og víðu stuttermaboli ár eftir ár. Hann eldist ekki við tiskustrauma og í raun virðist honum vera slétt sama um þá. Á tímum stöðugar neyslu mætti því segja að hægt sé að finna verri tiskufyrirmynd en Sandler. ■

Jólagjöfin hennar

Fylgið okkur á FB

Laxdal er í leiðinni

BERNHARD LAXDAL
SÍGILD KÁPUBÚÐ

Skiopholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is



ZIKZAK
TÍSKUHÚS


**FRÁBÆRT ÚRVAL
AF SPARIFATNAÐI!**

Kringlan - Glerártorg - ZIKZAKVERSLUN.IS

Kjól
9.990,-
st. S-XXXL
Leggings
3.990,-
st. S-XXXL



Kjól
6.990,-
st. S-XXXL



Bolur
5.990,-
st. S-XXXL



Kjól
7.990,-
st. S-XXXL



Kjól
7.990,-
st. S-XXXL



Kjól
6.990,-
st. S-XXXL



Kjól
7.990,-
st. S-XXXL



Velúrgalli
Verð 12.990,-
Stærðir S-XXXL




Náttfatasett
Verð 9.990,-
Stærðir S-XXXL



Velúrgall
Verð 12.990,-
Stærðir S-XXXL



Velúrgalli
Verð 10.990,-
Stærðir S-XXXL



Þósloppur
Verð 9.990,-
Stærðir S-XXXL



VELÚRGALLARNIR ERU
LOKSINS KOMNIR!

Verð 10.990,-
Stærðir S-XXXL

Tilvalið í
jólapakkann -
Kemur í fallegri
gjafaöskju!

BRANDTEX

Kringlan, 2.hæð | Sími 5582800 | WWW.BRANDTEX.IS



Jonah girti körfuboltaskyrtuna sína ofan í buxurnar til að stríða paparazzi-ljósmyndurum árið 2018.



Jonah Hill ásamt kærustu sinni Söruh Brady, á frumsýningu Don't Look Up í New York fyrir í mánuðinum.

Tískukóngurinn Jonah Hill



Bandaríski leikarinn Jonah Hill hefur gerbreyst á síðastliðnum áratug. Þegar hann varð fyrst frægur fyrir um 15 árum hafði hann ekkert tiskuvit, en nú er hann orðinn að tiskufyrirmynd margra sem aðhyllast afslappaðan en óhefðbundinn stíl.

oddurfreyr@frettabladid.is

Þegar fólk hugsar um tiskuvita dettur kannski fáum leikarinn Jonah Hill fyrst í hug, en hann hefur verið að gerbreyta sér og stíl sínum á síðustu árum og er nú allt annar maður en þybbni nördinn sem við kynntumst fyrst í kvikmyndum eins og Superbad. Nú vekur hann athygli hvert sem hann fer fyrir klæðaburð og hefur heillað marga að undanförunu.

Jonah eyddi stærstum hluta síðasta áratugar í götufatnaði áður en hann fór að einbeita sér að listrænum hönnunarkerkjum eins og Marni og Dries. Hann litaði hárið á sér oft en einu sinni og fékk sér fullt af húðflúrur og hefur skipt á milli þess að vera í látlausum en vönduðum götufatnaði og hátiskufatnaði, ásamt því að láta stundum sjá sig í alls konar skrítnum samsetningum þegar hann langar að



Hill er óhræddur við að prófa nýja hluti.

stríða paparazzi-ljósmyndurum eða bara komast auðveldlega út í kaffi og sígö.

Fyrir í mánuðinum mætti hann á frumsýningu Don't Look Up, nýjustu kvikmyndar sinnar, sem kemur á Netflix á aðfangadag. Þar klæddist hann ljósbláum Gucci-jakkafötum sem hefðu verið nóg til að grípa auga flestra, en hann var líka ber að ofan undir þeim, með stóra keðju um hálsinn og í glansandi inniskóm. Til að kóróna allt klæddist kærastan hans svo alveg eins.

Í þessum mánuði náðist líka mynd af honum í fötum sem voru öll lituð með hnútabatik, í Nike Dunks-skóm sem voru hannaðir af Virgil Abloh heitnum og í sokkum frá listræna götumerkinu Gallery Dept.

Þessi tvö ólíku útlit gefa ágæta hugmynd af stíl Jonah Hill í dag, en eins og sjá má á myndunum gleymir hann aldrei að hafa gaman af klæðnaði sínum og er óhræddur við að prófa nýja hluti. ■

Hér er Jonah í litrikum en látlausum fatnaði í myndatöku til að kynna kvikmyndina Mid 90's, sem hann skrifaði og leikstýrði sjálfur.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Jonah Hill kann vel við sig í þægilegum en vönduðum götufatnaði.

KONUR Í ATVINNULÍFINU

Fimmtudaginn 20. janúar 2022 gefur Fréttablaðið út stórglæsilegt sérblað sem nefnist „Konur í atvinnulífinu“, daginn sem Viðurkenningahátíð FKA verður.

Sérblaðið nefnist „Konur í Atvinnulífinu“ og hefur samskonar blað verið gefið út í góðu samstarfi við FKA síðustu fjögur ár við afar góðar undirtektir.

Þessu blaði er ætlað að kynna allt það góða starf sem konur í atvinnulífinu eru að inna af hendi, hvort sem þær séu í ábyrgðastöðu eður ei. Blaðið er að mestu sett saman af keyptum kynningum en auðvitað fylgja einnig auglýsingapláss svona blöðum.

Blaðið í fyrra var 64 síður og líkur eru á að blaðið í ár slái öll met.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Jóhann Waage markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5656 / johannwaage@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

DIOR.COM

Miss Dior

THE NEW FRAGRANCE

#WAKEUPFORLOVE



DIOR

Aldrei hægt að klæðast of miklu svörtu



Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg
@frettabladid.is

Þótt tónlistarkonan Zöe komi frá sólbjartri Kaliforníu, finnst henni ekkert jafn töfrandi og svartasta skammdegið á Íslandi.

„Shook er dýnamískt og ögrandi fimmtán laga sjálfsævisögulegt ferðalag um myrkustu dýpi margra ára ofbeldissambands, og hvernig ég braust á endanum úr greipum þess og fann mína sönnu rödd, í bókstaflegri sem óeiginlegri merkingu. Hvert einasta lag gefur skýra innsýn í nánast ritúalíska smánum, gaslýsingu, kúgun, ótta, stjórnun og ægivald, sem ég hef nú sett saman sem áþreifanlega upplifun með þykkri og marglaga áferð, nístandi nöprum textum, púlsandi og sarseruðum tónlistarútsendingum og umfram allt, afdráttarlausri hrein-skilni og heidarleika.“

Svo segir söngkonan, lagahöfundurinn, tónlistarframleiðandinn og upptökustjórinn Zöe Ruth Erwin, um sína fyrstu breiðskífu, Shook, sem kom út á dögunum.

Zöe er frá Kaliforníu og var sprakki hljómsveitarinnar Little Red Lung, sem naut gríðarlegar velgengi í Bandaríkjunum þegar hún ákvað að koma til Íslands í fáeinar vikur til að láta á reyna að semja og flytja tónlist á eigin forsendum. Hún kolféll fyrir landi og þjóð, og býr hér enn, fimm árum síðar. Í millitíðinni hefur Zöe starfað sem umboðsmaður Mezzoforte, samið og sungið titillag kvikmyndarinnar Lof mér að falla og rekur nú eigið hljóðver, Studio River, þar sem hún tekur upp og framleiðir tónlist fyrir annað tónlistarfólk.

„Það var einmitt kolsvart myrkrið og þykkur, hvítur veturinn sem gerði mig ástfangna af Íslandi. Skammdegið er minn uppáhalds-árstími og ekkert í veröldinni eins töfrandi og að fá sér kaffisopa og lesa magnaða bók í kertaljósnum þegar skyggja fer um miðjan dag á íslenskum vetri,“ segir Zöe.

Leðurstígvélur urðu að dufti
Eftir að hafa lifað og hrærst á



Zöe er hér glæsileg í rómantískum kjól frá Old Navy.



Rauða kjólinn fann Zöe hjá TJ Maxx í Bandaríkjunum.



Jólakjöll Zöe í ár er svartur og silfraður palliættukjöll.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Camerarctica
Mozart við kertaljós
Mozart by candlelight
Kammertónlist á aðventu 2021

Hafnarfjardarkirkju sunnudag 19. des. kl. 21.00
Kópavogskirkju mánudag 20. des. kl. 21.00
Gardakirkju þriðjudag 21. des. kl. 21.00
Dómkirkjunni í Reykjavík miðvikudag 22. des. kl. 21.00

Midásala við innganginn og á tix.is - Miðaverð kr. 3.500/2.500

Styrkt af Tónlistarsjóði Menntamálaráðuneytisins,
Reykjavíkurborg, Hafnarfjardarba, Kópavogsbæ og Gardabæ

Íslandi síðastliðin fimm ár segir Zöe óhjákvæmilegt að hafa tileinkað sér eitt og annað íslenskt þegar kemur að tísku.

„Það hefur tvímælaust kennt mér að meðtaka þá staðreynd að maður getur aldrei klæðst of miklu svörtu,“ segir Zöe og hlær. „En mér þykir líka afskaplega vænt um íslensku lopapeysuna mína,“ bætir hún við.

Hennar fyrsta minning um tísku var um sex ára aldurinn.

„Þá sá ég tónlistarmyndband með David Bowie and the Spiders from Mars, og man hvað mér fannst stórkostlegt að geta breytt sér í hvaða persónu eða persónuleika sem væri í gegnum fatnað og föröun, eða því viðhorfi að tíska geti gert manni kleift að verða einhver annar. Þetta frelsi virkaði hvetjandi á mig, næstum eins og ofurkraftar sem ég vissi þó að gætu aldrei orðið í veruleikanum,“ segir Zöe dreymin.

Tiskuvitíð hefur hún mestmegnis frá hljómsveitum og tónlistarfólki, en líka frá þekktum tískaúhrifum kvikmynda og sjónvarpsþátta sjöunda og áttunda áratugarins.

„Áttundi áratugurinn verður alltaf í mestu dálæti, allt frá tísku til tónlistar. Hann var hávær, litríkur og allt tímabilið algjörlega einstakt. Ég á enn í mesta basli með að standast útviðar gallabuxur og svarta Converse-strigaskó,“ segir Zöe, sem lýsir eigin fatastíl sem einföldum og klassískum með fullt af vintage-fötum í bland.

„Ég hef aldrei eytt miklu í föt, en spenderaði eitt sinn 250 dólum í leðurstígvél og fæ stundum enn

samviskubít vegna þess. Ég gekk í þeim þar til þau molnuðu í duft, svo peningunum var eftir allt saman vel varið,“ segir Zöe og hlær við.

„Ég kys annars að versla í búðum með notuð og vintage föt, því þar finnur maður sjaldsæðari og einstakari flikur en þar sem fást hjá stóru verslunarkæðjunum. Þá þykir mér vintage-föt fállegri og gæðin betri.“

Skítsama um álit annarra

Þegar Zöe varð fimm ára fékk hún leyfi foreldra sinna til að klæðast því sem hún vildi þegar hún færi í skólann.

„Mömmu og pabba þótti mikilvægt að ég uppgötvaði eigin sjálfsvitund, allt frá sjálfstæðum skoðunum til fatnaðar sem ég valdi sjálf að klæðast. Stundum mætti ég með sokka upp á miðja handleggji, í þremur þilsum og tveimur ólíkum blússum og alltaf með þau skilaboð að heiman að mér ætti að vera skítsama um hvað öðrum myndist um útlit mitt eða sjálfa mig,“ greinir Zöe frá.

Sjálfri finnst henni að banna ætti nýja loðfeldi í tiskuheimi nútímans. „Loðdýraræktun fyrir tiskuheiminn er algjörlega ónaudsýnleg framleiðsla og hreinlega viðbjóðslegt að loðdýramarkaðurinn sé enn stöndugur og í blóma.“

Hennar hjartfölgna flík er hippaskyrta sem pabbi hennar klæddist íðulega á sjöunda og áttunda áratugnum.

„Ég á líka silfurhálsmen sem geymir ösku föður míns. Það er mér dýrmætt og ég ber það á mér nánast dag hvern,“ segir Zöe.

Hlakkar til íslenskra jóla

Þegar kirkjuklukkurnar hringja inn jölin ætlar Zöe að skarta svörtum og silfrudum palliættukjól við svört, gljáandi ökkklakúreka-stígvél. Hún hyggst ekki opna gjafirnar á jóladagsmorgun, eins og tíðkast á bandarískum jólum, heldur halda ekta, íslensk jól.

„Ég hef að fullu aðlagast íslensku jólahaldi nú. Þegar ég á orðið íslenskan sambýlismann og tvo íslenska stjúpyni,“ segir Zöe og hlakkar mikið til.

Tónlist hennar hefur verið vinsæl í sjónvarpsþátum og velgengni Little Red Lung leiddi meðal annars af sér tónleika á Bonnaroo Music & Arts Festival þar sem hún deildi sviði með Paul McCartney, Tom Petty og Björk. Þá slógu nokkur lög hljómsveitarinnar rækilega í gegn í sjónvarpsþátunum So you think you can dance og The Originals, sem og öðrum þáttaröðum á Netflix og Fox. Einnig spilar lagið Blood in the Water, af nýju plötunni Shook, stóra rullu í lokapætti seríunnar Truth be told á Apple+.

„Á nýjarinu er ótal margt spennandi í farvatninu. Ég er um það bil að flytja í nýtt stúdíó og þar ætla ég að ljúka við upptökur á næstu plötu, sem ég hef þegar samið og er hálfnuð með að taka upp. Ég ætla líka að koma oftar opinberlega fram og gefa út fleiri smáskífur. Ég hlakka líka mikið til spennandi samstarfs við íslenska listamenn sem ég dýrka og dá.“

Shook er hægt að finna og fá á Spotify, Apple Music og fleiri streymisveitum. ■



Maltesers

súkkulaði á léttan máta



Stígandi unaður

Bílar & Farartæki

KRÓKUR

PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Þjónusta

Bilauppbod - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

Málarar

REGNBOGALITIR EHF

Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggiltir málarameistarar. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitir.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikkaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Rafvirkjun

Lampa og ljósakrónu viðgerðir & almenn rafvirkja vinna. Jens G. Löggiltur rafvirki s: 778-7171

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskípti, myndasímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204



Skemmuveggi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmíðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opíð virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.

Heilsa

Heilsuvörur



Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar

Fyrirtæki ársins 2021




HAGVANGUR

hagvangur.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?



Bílsætaviðgerðir-, mótorkjóra og snjósléðasæti. Húsbilaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is

Formbólstrun

Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is

LED leiðiskrossar



- Gengur fyrir rafhlöðum eða tengist rafmagn.
- Rafhlaða endist um það bil í einn mánuð.

Upplýsingar í s. 699 6869 og rafeindir.is

EYJALIND




Varahlutir í lyftara

- Toyota
- Hyster
- Yale
- Jungheinrich
- Ofl.

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Ferðaþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is



Geymsluskúrar / gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og búrústál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

Gefðu gjöf frá frægustu hönnuðum heims



Epal / Skeifan 6 / Kringlan / Laugavegur 7 / Smáralind / 5687733 / epal@epal.is / www.epal.is



by Lassen.
COPENHAGEN

MUUTO

normann
COPENHAGEN



HAY

FREDERIK
BAGGER.dk

ROYAL COPENHAGEN
PURVEJER TO HER MAJESTY THE QUEEN OF DENMARK

Viðar Halldórsson, formaður aðalstjórnar FH, segir að félagið skoði nú að leggja hybrid-gras á keppnisvöll sinn í fótbolta og nýjan æfingavöll félagsins. Þannig sé verið að fara yfir tæknileg atriði og kostnað með framleiðendum slíks undirlags.

FÓTBOLTI Nýlega bærust fregnir af því að forráðamenn Grindavíkur og ÍBV stefndu að því í samstarfi við bæjarráð sveitarfélaganna suður með sjó og í Vestmannaeyjum, að leggja gervigras á keppnisvelli félagsins og setja samhliða því upp flóðlýsingu við vellina.

Spratt þá upp sú lífseiga umræða innan fótboltasamfélagsins hér heima, hvort heillavænlegra sé að leggja áherslu á náttúrulegt gras eða gervigras við byggingu og endurbætur á íþróttamannvirkjum félagsins.

Freyr Alexandersson, þjálfari danska liðsins Lyngby, lagði orð í belg í þeirri umræðu á Twitter-síðu sinni í vikunni og benti á þriðja kostinn, sem er hybrid-gras en það er blanda af náttúrulegu grasi og gervigrasi.

Viðar Halldórsson, formaður aðalstjórnar FH, segir að félagið skoði þessa stundina kosti og galla þess að leggja slíkt gras á bæði keppnisvöll sinn sem og nýjan æfingavöll sem verið er að leggja við hlið Skessunnar á félagssvæði FH-inga.

„Við erum í þeim fasa að skoða tæknilega útfærslu og kostnað við að leggja hybrid-gras á æfingarsvæðið okkar, sem átti að leggja í ágúst síðastliðnum. Þá átti að sá í, en það dróst og nú erum við að skoða að fara í þessa blöndu. Ég veit að KR-ingar eru líka að skoða að fara þá leið í sínum framkvæmdum,“ segir Viðar um áform FH.

Þarf að skoða allar hliðar

„Það er enginn grasvöllur á Íslandi sem er rétt uppbyggður, en við erum næst því hérna í Kaplakrika og svo kannski Keflavíkurvöllurinn. Eftir að við tókum völlinn upp árið 2002 löguðum við hann og getum notað hann 300 tíma yfir keppnistímabilið. Mér finnst skorta dýpt í ákvörðunartöku bæjaryfirvalda við framkvæmdir á íþróttamannvirkjum. Það kemur að mínu viti til að mynda



Viðar Halldórsson hefur sterka skoðun og mikla þekkingu á knattspyrnavöllum,

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

FH vill leggja blandað gras á völlinn



Hörður Snævar Jónsson
hordur
@frettabladid.is

í ljós í samtali mínu við bæjaryfirvöld um að leggja hybrid-gras á svæðið hjá okkur.

Vissulega er dýrt að leggja hybrid-gras, en það ber að skoða það að við getum notað völlinn átta mánuði á ári. Við erum búnir að funda með tveimur framleiðendum hybrid-grasvalla og það stýttist í að það liggi fyrir hver kostnaðurinn er við að leggja völlinn og svo að halda honum við,“ segir formaðurinn enn fremur.

Gæðin mun meiri í hybrid-grasi

„Ég myndi skjóta á að kostnaðurinn við að leggja hybrid-gras á völlinn okkar sé um það bil 200 milljónir. Það að leggja gervigras er hins vegar í kringum 120-150 milljónir. Þannig að stofnkostnaðurinn við blandaða grasið er vissulega meiri.

Það verður aftur á móti að líta til þess að það þarf að endurnýja gervigrasið á fjögurra ára fresti og það kostar á bilinu 60-80 milljónir.

Ef þú notar gervigras sem aðalvöll hjá liði þá minnka gæðin með hverju árinu sem líður. Mér finnst til að mynda ekki hægt að líkja saman gömlu gervigrasi og grasvellinum okkar í toppstandi,“ segir Viðar.

Varðandi kostnað við að halda hybrid-grasvelli við, segir Viðar: „Árlega þarf að tæta grasið af, setja sand og sá aftur í þar sem grasið þéttist. Það eru hybrid-grasvellar í Rússlandi og á Norðurlöndum og okkur hefur verið sagt að lausnin sé til, að þurfa ekki að tæta völlinn svona oft.

Svo þarf auðvitað að hafa annars konar velli til þess að æfa á fyrir meistaraflokka, þá þrjá til fjóra



Það er enginn grasvöllur á Íslandi sem er rétt uppbyggður, en við erum næst því hérna í Kaplakrika.

mánuði sem hybrid-grasvöllurinn er ónothæfur, og yngri flokka.

Þannig að við erum að tala um að fara blandaða leið þegar við skoðum alla æfingaaðstöðuna okkar með gervigrasi og hybrid-grasi. Yngri flokkar gætu þá spilað einhverja leiki á hybrid-grasinu.

Svo þarf líka að skoða í þessu áhrifin á fótboltann sem gervigrasið hefur. Yfirmaður knattspyrnumála hjá Hammarby var að benda mér á skýrslu sem gerð var í Svíþjóð fyrir nokkrum árum, þar sem fram kemur að snerpa leikmanna minnki við að æfa eingöngu á gervigrasi.

Leikmenn verði meira flatfóta við að æfa á gervigrasi, þar sem þeir nota tábergið minna en þeir sem æfa á náttúrulegu grasi. Þetta þarf líka að taka með í reikninginn,“ segir Viðar. ■

Aldrei mætt tveimur þjóðum í B-deild

kristinnpall@frettabladid.is

FÓTBOLTI Íslenska karlalandsliðið fær að vita í dag hvaða mótherjar bíða á þriðja tímabili Þjóðadeildarinnar sem fer fram á næsta ári. Fjórir af sex leikjum Íslands fara fram í júní og lýkur keppninni í september. Ísland bíður enn eftir fyrsta stigunni í keppninni, eftir að hafa verið hluti af efstu deild Þjóðadeildarinnar til þessa, og er markatalan 26 mörk í mínus í tíu leikjum.

Óhætt er að segja að íslenska liðið hafi til þessa átt erfitt uppdráttar í leikjum sínum í Þjóðadeildinni, enda andstæðingarnir sterkustu knattspyrnuþjóðir heims. Breyting á keppnisfyrirkomulagi kom í veg fyrir að karlalandsliðið félli úr A-deild eftir fyrsta keppnistímabilið, þar sem Ísland var stigalaust í riðli með Sviss og Belgíu. Stigauppskeran var sú sama tveimur árum síðar þegar Englendingar, Belgar og Danir voru í riðli með Íslandi og er Ísland því komið í B-riðil.

Þar er að finna andstæðinga sem íslenska liðið ætti að geta veitt meiri samkeppni. Samkvæmt styrkleikaröðuninni er Úkraina sterkasta liðið í B-deildinni og Armenar, sem Íslendingar mættu í undankeppni HM 2022, slakasta liðið. Af þjóð-



Einu keppnisleikir karlalandsliðsins á næsta ári verða í Þjóðadeildinni.



Karlalandsliðið hefur unnið tvo af síðustu sextán keppnisleikjum sínum.

unum fimmtán sem koma til greina hefur karlalandsliðið oftast mætt Noregi (34) og Svíþjóð (17).

Á sama tíma gæti farið svo að karlalandsliðið myndi mæta Bosnía-Hersegóvínu í fyrsta sinn, en hvorki karla- né kvennalandsliðið hefur mætt Bosnía inni á knattspyrnuvöllum sínum. Þá hefur karlalandsliðið aldrei mætt Serbíu. ■

Hefur verið skemmtilegt ævintýri

aron@frettabladid.is

FÓTBOLTI Breiðablik er fyrir lokumferðina með eitt stig og gæti með sigri og hagstæðum úrslitum endað fyrir ofan úkraínska liðið Kharkiv í riðlinum. Ljóst verður að við ramm-an reip verður að draga fyrir Blika, en PSG situr í efsta sæti riðilsins og hefur unnið alla sína leiki til þessa og ekki fengið á sig mark.

„Þetta er búin að vera mikil og góð reynsla, þótt við hefðum viljað að úrslitin hefðu verið okkur hlið-hollari,“ sagði Ásmundur Arnarsson, þjálfari Breiðabliks, á blaðamannafundi fyrir leikinn í gær. Hann segir leikinn leggjast vel í leikmenn Blika sem séu allar heilar heilsu og klárar í slaginn.

Hann segir aðalmarkmiðið liðsins núna vera að ná inn marki í leik morgundagsins. Hann segir það risastóra áskorun fyrir lið eins og Breiðablik að taka þátt í keppni á borð við riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu. „Þetta er hins vegar skemmtileg áskorun líka. Það er draumur allra leikmanna að taka þátt í keppni sem þessari á stærsta sviði heims.“

Ásta Eir Árnadóttir, leikmaður Breiðabliks, sat einnig fyrir svörum



Breiðablik stóð í stórveldinu PSG í fyrri leik liðanna í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

á blaðamannafundinum. Hún segir stemmninguna góða í leikmannahópi Breiðabliks. „Við höfum verið að skerpa á hlutum frá því í síðasta leik. Þó að úrslitin hafi ekki verið eins og við hefðum viljað í keppninni neitum við að enda þetta öðruvísi en að skora allavegana eitt mark.“

Þetta er í fyrsta skipti sem Breiðablik tekur þátt í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu. „Þetta hefur verið ótrúleg reynsla. Þegar að við höfum til baka sjáum við að við náum að halda í við þessi lið. Þetta hefur verið skemmtilegt ævintýri,“ sagði Ásta Eir Árnadóttir, leikmaður Breiðabliks. ■

Hopp on board

Hopp is launching in new locations all over the globe. If you know local governments like the back of your hand, are an inspired salesperson or an organizational wizard:

We're looking for you!

Hopp is a global franchisor bringing shared urban transport to small cities by empowering local entrepreneurs with world-class software. We are driven by sustainability, safety, and customer experience.

Do you want to join us on our mission?



● We are currently seeking

01

Chief Operations Officer

Are you a jack of all trades and a master of none? Do you feel like that's better than being a master of one? We're looking for an organizational wizard who can run our company like a Swizz watch.

02

Head of Government Partnerships

Do you know your way around the bureaucratic jungle like the back of your hand? We're looking for a public administration veteran who can get us talking to the right people in municipalities all over the world.

03

Senior Sales Manager

Do you know your ABCs? We're looking for an inspired Senior Sales Manager who can Always Be Closing and bring our sales team to new heights.

04

Great teammates

We're always looking for fabulous designers, developers, marketers or others who can support our mission to reduce emissions.

Apply here ↴

<https://hopp.bike/about>

hopp



BAUHAUS®



**LAGER-
HREINSUN**

50%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLU
JÓLASKRAUTI
OG JÓLALJÓSUM
MÍÐAÐ VIÐ ALMENNT
VERÐ

%

%



%


%

%



MÁNUDAGA-FÖSTUDAGA KL. 8:00-19:00
LAUGARDAGA KL. 10:00-18:00
SUNNU- OG HELGIDAGA KL. 10:00-18:00

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2-4 - 113 Reykjavík - 515-0800
Verð gildir frá fimmtudeginum 16. desember til og með sunnudeginum 19. desember 2021 á meðan birgðir endast.



SR30

**STÓRSVEIT
REYKJAVÍKUR
30 ÁRA**

TILVALIN
JÓLAGJÖF!



KRISTJANA STEFÁNS



JAMES OLSEN

NÝÁRSTÓNLEIKAR

GULLÖLD

SVEIFLUNNAR


Árvissir og sívinsælir nýárstónleikar stórsveitarinnar eru sem fyrr helgaðir tímabilinu 1930–50, þegar stórsveitir réðu ríkjum á jörðinni og stjórnendur, söngvarar og einleikarar voru poppstjörnur síns tíma. Gestasöngvar eru **Kristjana Stefánsdóttir** og **James Olsen** frá Færeyjum.

- ▶ **9. JANÚAR**
- ▶ **KL. 20.00**
- ▶ **ELDBORG**

Stjórnandi & kynnir: Sigurður Flosason

MIÐASALA Á HARPA.IS OG TIX.IS

Veðurspá Fimmtudagur



Bætir í vind og hlýnar í dag, sunnan 13-20 m/s og rigning eða súld, en áfram þurrt fyrir norðan og austan. Dregur úr úrkomu eftir hádegi, síst SA-lands. Hiti 3 til 10 stig, hlýjast N-til. ■

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik



Krossgáta

LÁRÉTT

- 1 framvegis
- 5 traust
- 6 tveir eins
- 8 æxlun
- 10 rykkorn
- 11 funa
- 12 ferlirit
- 13 slagæð
- 15 reiðtygi
- 17 guma

LÓÐRÉTT

- 1 kompasskífa
- 2 laus
- 3 hvíla
- 4 japla
- 7 andremma
- 9 kvk nafn
- 12 auðga
- 14 sekt
- 16 tveir eins

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
			12		
13	14				
15					16
	17				

LÁRÉTT: 1 áfram, 5 trú, 6 aaf, 8 tímgun, 10 ar, 11 andfylla, 9 gerður, 12 gæða, 14 sök, 16 líl.
LÓÐRÉTT: 1 áttarós, 2 trít, 3 rúm, 4 maula, 7 eíd, 12 gíraf, 13 ósæð, 15 sóðull, 17 karla.

Kasparov átti leik gegn Ribli í Tblisi í Georgíu árið 1989.

1. Hd8!! Dxb5 (1...Hxd8 2. Hd5!). 2. Dd6 Bxf2+ 3. Kxf2 He8 4. a4! Dxa4 (hvítur sleppur úr þráskák eftir 4... Df5+). 5. De7 1-0. Róbert Lagerman sigraði á Jólamóti Vinaskákfélagsins sem fram fór á mánudaginn. Ólafur B. Þórsson varð annar og Sturla Þórðarson þriðji.

www.skak.is: Nýjustu skákfréttir. ■


Sudoku

6		8	5				4	1
3							7	
	4	5	3	6			9	
8	6		1	9		5		
	5	2						4
1								
2	8				3			9
		6	7		5	2		8
	3	7		8	2			

7			8				1	6
		6			7			9
			4				8	
1			3					
	8	4	2	1				7
			5	3	2			
	1		7	8			6	5
	2	3						

Þrautinn felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Eftir Frode Øverli

Geljan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán




Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

„Mjög skemmtileg.“

GÍSLI MARTEINN / VIKAN

„Heillandi innsýn í hvernig heimur með meira jafnrétti kynja gæti litið út og hvers vegna hann væri baráttunnar virði.“

HILLARY ROTHAM CLINTON



Eliza Reid forsetafrú ræðir hér við konur á ólíkum sviðum íslensks þjóðfélags um jafnrétti, atvinnulífið, móðurhlutverkið og margt fleira.

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is
Opíð 10-19 alla daga til jóla

NÝJUNG
72 KLST. RAKI

NIVEA

VIRKJAÐU INNRI GETU HÚÐARINNAR

**3X
MEIRA**



NIVEA HYDRA SKIN EFFECT
inniheldur hreint hýalúron
sem virkjar 3x meira af
eigin hýalúroni húðarinnar.
Gefur mikinn raka í 72 klst.
og húðinni meiri fyllingu.

Jólatré

20% afsláttur

Normannspínur

Margar stærðir af sérvöldum, fyrsta flokks Normannspín.

Íslensk stafafura

Stærðir: 150-240 cm, beint frá bónda, sérræktuð fyrir Blómaval.

Gervijólatré

Margar stærðir og gerðir af fallegum gervijólatrjám.



Opið til
kl. 20:00

alla daga til jóla í Skútuvogi

Jólagjafir á frábæru verði í Jólahandbók Húsasmiðjunnar

Fæst eingöngu í Skútuvogi og husa.is

27%

eta

since 1943

Vínkælir

42 ltr., 16 stórar flöskur, með þremur krómhillum sem eru með viðarframhlíð. 1854090

Kynningarverð

39.990 kr

~~54.990~~ kr



30%

Hnífablokk

Hert ryðfrítt stál, grænmetishnífur 9 cm, skurðarhnífur 13 cm, kjöthnífur 20 cm, brauðhnífur 20 cm, eldhúshnífur 20 cm. 2009930

8.390 kr

~~11.965~~ kr



tescoma.

Pressukanna

Fyrir te og kaffi, 1 ltr. 2008860

6.185 kr



15%

BLACK+DECKER

Bílaryksuga

Hægt að tengja við hverja 12 V sígarettuveikjaratengi, með 5 m langri snúru. 1870010

Kynningarverð

6.962 kr

~~8.190~~ kr



Vinsæl vara

20%

HIKOKI

HIGH PERFORMANCE POWER TOOLS

Borvél 18V + 100 fylgihlutir

2 stk., 2.5Ah Li-Ion rafhlöður, 2ja gíra, hersla 52Nm, 22 átakstillingar sn./mín., 0-450/1250, Led ljós HSC II taska. 5247085

39.995 kr

~~49.995~~ kr



31%

BLACK+DECKER

Borvél, 18V

Rafhlaða 1.5Ah, hraði 0-600 sn./mín., hersla 37Nm, Led ljós. 5245573

10.995 kr

~~15.995~~ kr



DOMO Klakavél

1,5 ltr., framleiðir 70 klaka á klukkusund, stoppar þegar klakaboxið fyllist. 1841275

24.990 kr



BRAUN Rakvél

Wet&Dry, auðveld að þrifa. 1804561

18.990 kr



Jólagjafahandbók 2021

Frábærara hugmyndir af flottum jólagjöfum, skoðu á husa.is





blómaval HÚSASMIÐJAN

JÓLIN FYRIR ÞIG



Sóla
útsala

20-50%

afsláttur

Allar jólavörur, seríur, jólaljós og jólaskraut

Gildir ekki af ferskvöru og skreytingum



Sýningin í Grafíklistum stendur til 23. desember.

MYND/ÆSEND

Hittingur fjögurra grafíklistamanna

kolbrunb@frettabladid.is

Hittingur / Encounter / Spotkanie er sýning fjögurra listamanna í Grafíklistum Tryggvagötu 17.

Þátttakendur á sýningunni eru Anna Pawlowska sem sýnir þrjú stór abstrakt litógráfuprent sem unnið hefur verið í með vatnslitum, Elin Edda Árnadóttir sýnir röð sjálfsmynda sem unnar eru með tækni silkiprykks og ljósmynda, Gislína Dögg Bjarkadóttir sýnir myndir unnar með fjölbreyttri tækni þar sem sögulegur veruleiki kvenna og íslenskar mynsturhefðir eru áberandi og Hlynur Helgason sýnir þrjár ljósmyndaraðir unnar



Elin Edda Árnadóttir sýnir röð sjálfsmynda sem unnar eru með tækni silkiprykks og ljósmynda.

með svipuðum aðferðum og svo nefndir pictorialistar nýttu um og fyrir aldamótin 1900.

Sýningin er opin til og með 23. desember á fimmtudögum, föstudögum, laugardögum og sunnudögum klukkan 2–5. ■



Bókin fjallar þannig um hvernig náttúran og maðurinn mætast einhvern veginn, segir Friðgeir.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hvalir næstum því heilagar skepnur

Nýjasta skáldsaga Friðgeirs Einarssonar heitir Stórfiskur. Bókin fjallar um stóra fiska og minni, í sjó sem á þurru landi. Höfundur segir fólk vera mjög forvitið um hvali og lýsir þeim sem allt að því heilögum skepnur.

tsh@frettabladid.is

Rithöfundurinn og sviðslistamaðurinn Friðgeir Einarsson sendi á dögnum frá sér sína aðra skáldsögu sem ber titilinn Stórfiskur. Bókin fjallar um íslenskan hönnuð búsettan á meginlandi Evrópu sem fær það verkefni að hanna merki fyrir íslenskt hvalveiðifyrirtæki.

„Það reynist honum dálítið erfitt verkefni en hann neyðist samt til að taka það að sér. Hann þarf að yfirstíga margar hindranir, bæði gera upp við sig hvort hann vilji taka að sér verkefnið og takast á við þau síðferðislegu álitamál sem tengjast því. Svo reynast vera mörg ljón í veginum þegar kemur að rannsóknarvinnunni. Bæði er margt dularfullt og skrýtið í starfseminni og líka ýmislegt innra með honum sem truflar hann, hversdagsleg vandamál sem flækjast fyrir,“ segir Friðgeir.

Mjög umdeilt umfjöllunarefni

Í fyrri verkum þínum hefur þú mikið fjallað um hversdagsleikann. Það hljómar eins og þessi bók sé því pólitískari heldur en síðustu bækur.

„Umfjöllunarefnið hvalveiðar er náttúrulega mjög umdeilt og erfitt

með fjalla um það án þess að tala um pólitísk mál eða málefni sem kveikja í fólki. Hönnuðurinn nálgast engu að síður málin af faglegu hlutleysi, eða reynir það. Eins og ég segi þá er hann að glíma við ýmiss konar vandamál í sínu einkalífi þannig að bókin er ekki alveg laus við hversdagsleika þrátt fyrir allt.“

Að sögn Friðgeirs er fólk almennt mjög forvitið um hvali enda eru þeir sem skepnur í senn bæði framandi og kunnuglegir.

„Hvalir eru náttúrulega skepnur sem fólk er mjög forvitið um og eru bæði mjög fjarlægir okkur en samt finnum við til einhvers konar skyldleika við þá, eða margir gera það, þannig að þeir eru næstum því heilagar skepnur. Svo er þessi hvalveiðibransi náttúrulega framandi flestum á Íslandi og víðar, það er einhver svona mystík í kringum hvernig það fer allt fram og af hverju hvalveiðar eru hreinlega enn stundaðar á Íslandi, þó þetta sé nú hverfandi atvinnugrein.“

Tákn fyrir mót manns og náttúru

Í vestrænni menningarsögu má finna fjölmargar birtingarmyndir hvala, allt frá Biblíusögunni um Jónas í hvalnum til stórvirkisins Moby Dick eftir Herman Melville og loks ferðaþjónustunnar hér á landi. Friðgeir segir þessar ólíku birtingarmyndir hvala koma fram í bókinni meðal annars í þeirri rannsóknarvinnu sem aðalpersónan framkvæmir til að reyna að tengjast verkefni sínu.



Umfjöllunarefnið hvalveiðar er náttúrulega mjög umdeilt og erfitt að fjalla um það án þess að tala um pólitísk mál eða málefni sem kveikja í fólki.

„Aðalpersónan á svona nokkrar atlögur að því að tengjast þessu rosalega fjarlægja umfjöllunarefni. Hann verður vitni að strandi þegar smáhveli synda upp í fjöru og fer líka í hvalaskoðun og nálgast þetta svölitið út frá sínum bakgrunni með sínum gleraugum sem hönnuður. Bókin fjallar þannig um hvernig náttúran og maðurinn mætast einhvern veginn og hvernig maðurinn sér allt út frá sínu sjónarhorni í þessari veröld, sem er að verða sífellt manngerðari. Hvalurinn er kannski svölitið tákn fyrir þessi mót manns og náttúru.“

Ertu að sækja í íslenskan veruleika þegar þú skrifar um þennan hvalveiðidnað?

„Já og nei. Þetta er náttúrulega skáldsaga en fyrirmyndirnar í íslensku samfélagi fyrir stórhvalaveiði eru ekki margar. Það er bara eitt fyrirtæki á Íslandi og í heiminum sem veiðir stórhveli. Þó að reyndar hafi langreyðar ekki verið veiddar á Íslandi í nokkur ár af ýmsum ástæðum, þá er enn til fyrirtæki sem gefur sig út fyrir það með rekstur og aðstöðu til að veiða og verka. Þannig að já, að því leyti þá er íslenskt samfélag í forgrunni,“ segir Friðgeir. ■

Með kveðju frá Íslandi

kolbrunb@frettabladid.is

Með kveðju frá Íslandi (From Iceland With Love) er heiti sýningar Magdalenu Margrétar Kjartansdóttur í BAG – Banco das Artes Galeria Municipio Leiria í Portúgal. Í kjölfar þátttöku Magdalenu árið 2019 í Münsterland Festival listahátíð í Þýskalandi bauðst henni að sýna í Portúgal.



Magdalena fjallar í verkunum um reynsluheim kvenna. MYND/ÆSEND

Magdalena er fædd 1944 í Reykjavík og lauk námi frá grafíkdeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Verk Magdalenu á sýningunni, nítján stórar tré- og dúkristur, fjalla um reynsluheim kvenna. Þess má geta að sunnudaginn 19. desember mun Inesa Markava dansari fremja dansgjörning á sýningunni.

Sýningin í BAG listasafni Leiria stendur til 30. janúar 2022. ■

Gefðu góðar minningar

Jólagjafabréf Heimsferða komin í sölu!

10.000 og færð 15.000

20.000 og færð 30.000

40.000 og færð 60.000



595 1000

Heimsferðir

Vandaðir og hlýir
LANGERMABOLIR
LIFA MERINO

30%
afsláttur



Frábært fyrir útivistina eða vinnuna. Hlý og góð gjöf

Verð nú aðeins kr. 9.461

RUBIX

DALVEGI 32a
201 KÓPAVOGI
S. 522 6262
IS.RUBIX.COM

HH workwear ALIVE SINCE / 1877

„...STÓRBROTIN BÓK

sannkallað hlaðborð af frábærri sagnalist.“

ÓLÍNA KJERÚLF ÞORVARÐARDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ

„Til hamingju, Ísland,
að eiga rithöfund eins og
Hallgrím Helgason.“


BUBBI MORTHENS

„Þetta er epískur sagna-
bálkur og vel það.“

EGILL HELGASON / KILJAN

„Hún er frábær þessi bók ...
ógeðslega skemmtileg.“

GISLI MARTEINN BALDURSSON / VIKAN



ÍSLENSKU
BÓKMENNTA
VERÐLAUNIN

Filnefning

2.

Metsölulisti
Eymundsson
HEILDARLISTI
8.-14. des

Sextíu kíló af kjaftshöggum eftir
Hallgrím Helgason er mögnuð
lýsing á þrautasögu þjóðar.



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið 10-19 alla daga til jóla | www.forlagid.is

Fimmtudagur

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Mannamál - Þórdís Lóa Þórhallsdóttir** Einn sigildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Sigmundur Ernir ræðir við þjóðþekktu einstaklinga um líf þeirra og störf.
- 19.30 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta** Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
- 20.00 Sir Arnar Gauti** Lífsstílsþáttur með Arnari Gauta sem fjallar um heimili, hönnun, matar- og veitinga-húsameningu, arkitektúr og margt fleira.
- 20.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 21.00 Mannamál (e)**

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi**
13.10 Kastljós
13.25 Menningin
13.30 Fólkið í landinu Pétur Guðmundsson.
13.50 Forboðin ást Ást í meinum.
14.20 Aðstoðarmenn jólasveinanna Jólheimar.
14.25 Heilabrot
14.55 Jól með Price og Blomsterberg
15.20 Hraðfréttajól
15.50 Landinn
16.20 Þeirra Ísland Vinna, ást, stríð.
16.50 Fjörskyldan
17.30 Jóladaðagatalið. Jólásótt
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Jóladaðagatalið. Saga Selmu
18.14 Jóladaðagatalið. Jólásótt
18.42 Jólamólar KrakkaRÚV
18.45 Krakkafréttir
18.50 Jólalag dagsins Baggalútur - Styttist í það.
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.05 Okkar á milli Sigurlaug Margrét Jónasdóttir fær til sín góða gesti úr öllum áttum og ræðir við þá undir fjögur augu. Gestirnir eiga það sameiginlegt að hafa áhugaverða sögu að segja.
21.00 Pressan - 4. Töfrar Press. Magic Bresk leikin þáttaröð um líf ritstjóra og blaðamanna hjá tveimur ólíkum breskum dagblöðum og álagið sem fylgir því að lifa og hrærast í heimi þar sem sífellt meiri áhersla er lögð á hraðan fréttáflutning. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
22.00 Tiufréttir
22.15 Veður
22.20 Úlfur, Úlfur (7 af 8) Ulven kommer Leiknir þættir um félagsráðgjafa sem hefur aðeins nokkrar vikur til að átta sig á því hver segir satt og hver ekki í fjölskyldu sem mögulega býr við alvarlegt ofbeldi. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
23.15 Úlfur, Úlfur (8 af 8) Ulven kommer
00.10 Dagskrárlök

Stöð 2 Golf

- 08.00 Sony Open in Hawaii**
12.15 Aramco Team Series - London Útsending frá Aramco Team Series - London á Ladies.
17.45 Saudi International powered by SoftBank Investment Advisors
22.00 Gainbridge LPGA at Boca Rio

Sjónvarp Símans

- 11.30 Dr. Phil**
12.15 The Late Late Show
13.00 Karl Orgefríó og RAKEL á tónleikum
13.45 Gordon, Gino and Fred. Road Trip
14.50 The King of Queens
15.10 Everybody Loves Raymond
15.35 Furðufuglar - isl. tal
17.00 Fjarsjóðsflakkarar (31.52)
17.10 Fjarsjóðsflakkarar (32.52)
17.25 Tilraunir með Visinda Villa
17.30 Jóladaðagatal Hurðaskellis og Skjóðu
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 Jóladaðagatal Hurðaskellis og Skjóðu
19.10 Return to Christmas Creek
20.45 Ghosts of Girlfriends Past
22.20 The Twilight Zone (2019)
23.10 The Late Late Show
23.55 Dexter
00.45 Stella Blómkvist
01.30 City on a Hill
02.20 Agents of S.H.I.E.L.D.
03.50 Tónlist

RÚV Rás eitt

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.03 Hádegjög Fyrri og seinni hluti
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Hádegjög
13.00 Dánarfregnir
13.02 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Á tónsviðinu
15.00 Fréttir
15.03 Flakk
16.00 Siðdegisfréttir
16.05 Viðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Í ljósi krakkasögunnar
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Óperukvöld Útvarpsins Macbeth eftir Giuseppe Verdi
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin

Stöð 2 Bíó

- 11.10 Poms**
12.35 The Nanny Diaries
14.20 The Secret. Dare to Dream
16.05 Poms
17.30 The Nanny Diaries
19.15 The Secret. Dare to Dream
21.00 The Jesus Rolls Rómantísk gamanmynd með frábærum leikurum frá 2019. Aðeins nokkrum klukkustundum eftir að hann sleppur úr fangelsi, fer keiluspilarinn skrautlegi Jesus Quintana á fund vina sinna Petey og Marie. Þau halda af stað í óvissuferð þar sem smáglæpir og rómans koma við sögu ásamt ýmsum ævintýrum.
22.20 The Art of Self-Defense
00.05 Welcome Home.
01.35 The Jesus Rolls

Stöð 2

- 08.00 Heimsókn**
08.15 The Mentalist
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Jóladaðagatal Árna í Árdal
09.35 Divorce
10.05 Gilmore Girls
10.45 Home Economics
11.10 Dýraspítalinn
11.40 Modern Family
12.35 Nágrannar
12.55 Friends
13.20 Friends
13.40 The Office
14.00 McMillions
14.55 X-Factor Celebrity
16.15 The Titan Games
17.00 Jólaboð Evu Eva Laufey býður áhorfendum heim í glæsilegt jólaboð og sýnir okkur hvernig hægt er að galdra fram sannkallaða hátíðarrétti.
17.25 Bold and the Beautiful
17.50 Nágrannar
18.20 Annáll 2021 Fréttastofa Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar rifjar upp árið alla virka daga í desember. Umfjöllunarefni: Bólusetningar.
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakinn
18.55 Ísland í dag
19.10 Samstarf
19.25 The Cabins
20.15 Curb Your Enthusiasm
21.00 NCIS. New Orleans
21.40 NCIS. New Orleans
22.25 Once Upon a Time...in Hollywood
01.00 Damages
01.45 Damages
02.30 War of the Worlds
03.20 Professor T
04.10 The Pact
05.15 La Brea

Stöð 2 Sport

- 07.05 Breiðablik - Keflavík** Útsending frá leik í Subway-deild kvenna.
08.50 Valur - Haukar
10.30 Seinni bylgjan Úr leikjum kvöldsins í Olís-deild kvenna
11.30 Seinni bylgjan Úr leikjum kvöldsins í Olís-deild karla
12.45 Jónas Þórhallsson
13.35 Breiðablik - Keflavík
15.15 Valur - Haukar
17.00 Subway Kórfulboltakvöld Öll tilþriffin úr leikjunum í Subway-deild kvenna
18.05 Breiðablik - Valur Bein útsending frá leik í Subway-deild karla.
20.05 KR - Þór Ak. Bein útsending frá leik í Subway-deild karla.
22.00 Tilþriffin Úr leikjum kvöldsins í Subway-deild karla
22.45 Subway Kórfulboltakvöld Úr leikjunum í Subway-deild kvenna.
23.40 Breiðablik - Valur

Stöð 2 Sport 2

- 07.10 Salzburg - Sevilla**
08.50 Manchester United - Young Boys
10.30 Barrow - Ipswich
12.10 Football League Show
12.35 Salzburg - Sevilla
14.15 Manchester United - Young Boys
15.55 Zaragoza - Fuenlabrada
17.30 Lokasóknin
18.35 Buccaneers - Bills
21.00 NFL Gameday
21.25 The Fifth Quarter Ítarleg umfjöllun um leikina í ACB spænsku úrvalsdeildinni í kórfulbolta.
21.40 Valencia Basket - Obradoiro
23.15 Clippers - Magic

RIF
RESTAURANT

Gjafabréf
Fullkomnið í jólapakkann




Fyrir hverjar
10.000 kr
fylgir einn frír
forréttur að
verðmæti allt
að 2.000 kr

Gildir til 31.12.21





Frábærar gæsadúnsængur og koddar úr hvítum gæsadún



Excellent Warm Dúnsæng

140x200cm 860gr. Kr.64.700.-

Superior Koddi

Mjúkur 50x70cm. 410gr. Kr.25.300.-

Þéttur 50x70cm. 550gr. Kr.32.000.-

Hágæða sængurfatnaður frá
Georg Jensen Damask, Gant Home og DUX



GANT Sængurverasett

Sængurver 140x200cm.

Koddaver 50x70cm.

Verð frá kr.32.800.-

DUXIANA
Ármúla 10
S. 568-9950
duxiana.is

DUXIANA®

Hápróaður svefnbúnaður



HAGKAUP

Vegan er ekkert vesen

Við erum stolt af áralöngu samstarfi Hagkaups við Sollu Eiríks. Í ár erum við að kynna spennandi vörur sem hún hefur unnið í samstarfi við okkur. Má þar finna klassíska hnetusteik og spennandi nýjungar í meðlæti eins og graskerssalat og brokkólísalat.



Nýtt



Brokkólísalat

Nýtt



Kartöflusalat

Nýtt



Graskerssalat



Waldorf salat

699 kr/stk



Innbakað Oumph

1.299 kr/stk



Villisveppasósa

979 kr/stk



HAGKAUP



**Ella Stína Hátíðar
Sveppa Wellington**

5.499 kr/pk



**Jömm Jóla
Hangi Oumph**

939 kr/stk



**Jömm
Hangirúlla**

1.959 kr/stk



Vegetarian Plus

Verð frá **1.199** kr/pk



**Kaja Hátíðar
Hnetusteik**

2.999 kr/pk



**Hátíðarsteik
Vegangerðarinnar**

1.549 kr/pk

Gaman að vera saman á jólunum

Helga Dís, Tóbías Davíð, Baltasar Breki, Óskar Dór og Freyja Lillý eru ekki búin að kaupa neinar jólagjafir enn sem komið er, en eru að sjálfsgöðu komin í jólaskepp eins og Fréttablaðið komst að þegar krakkarnir ræddu hugmyndir sínar um jólin, síði, venjur og að sjálfsgöðu jólamatinn.

svavamarin@frettabladid.is

Fréttablaðið hitti fimm hressa krakka í 3. og 4. bekk í Urriðaholts-skóla í Garðabæ, sem hugsa um fátt annað en jólin þessa dagana enda styttist óðum í hátíð ljóss, friðar og síðast en ekki síst, barnanna. Þau hafa því vitaskuld ýmislegt til málanna að leggja, en samvera

og gæðastundir með fjölskyldunni eru þeim ofarlega í huga um jólin.



Sameyki óskar eftir orlofshúsum/íbúðum

Sameyki stéttarfélag í almannajónustu, óskar eftir orlofshúsum og/eða íbúðum á leigu fyrir félagsmenn sína fyrir sumarið 2022.

Húsnæðið

Einungis húsnæði í góðu ásigkomulagi, vel viðhöldnu og í frágengnu umhverfi kemur til greina.

Mikilvægt að komi fram

Upplýsingar um staðsetningu, verð, stærð, aldur eignar, ástand eignar, fjölda gistirýma og aðra aðstöðu eins og heita potta skulu koma fram ásamt ljósmyndum.

Áhugasamir sendi upplýsingar til verkefnastjóra orlofsmála Sameykis með tölvupósti á netfangið asaclaussen@sameyki.is fyrir 10. janúar 2022. Öllum tilboðum verður svarað.



Grettisgötu 89 • 105 Reykjavík • Sími 525 8330 • sameyki.is



Eitthvað tengt Guði og Jesú
Helga Dís Ólafsdóttir, 8 ára
Helga Dís segist ekki alveg vera viss hvers vegna jólin séu haldin ár hvert: „Ég held það sé eitthvað tengt við Guð og Jesú.“

Hvað finnst þér skemmtilegast við jólin?
„Að vera með fjölskyldunni minni.“

Hvað gerir þú um jólin?

„Ég hef gaman með fjölskyldunni minni og opna pakka.“

Hvers óskar þú þér í jólagjöf?

„Þetta er svolítið erfið spurning, en ég held að mig langi í stærsta bangsa í heiminum.“

Hvað færðu í jólamatinn?

„Alls konar, til dæmis kalkún og önd. Svo förum við í möndlugraut til Erlu fráenku í hádeginu á aðfangadag.“

Hver er uppáhaldsjólasveinninn þinn?

„Stúfur, af því hann er lítill.“



Ekki erfitt að biða
Tóbías Davíð Sigurjónsson, 9 ára
„Út af Jesú,“ svarar Tóbías hugsi, þegar hann er spurður af hverju við höldum jól.

Hvað er best við jólin?

„Maturinn, því á jólunum borðum við kartöflur, grænar baunir og man ekki alveg hvað það heitir. Jú! Hamborgarahrygg.“

Hvers óskar þú þér í jólagjöf?

„Ég veit ekki alveg í hvað mig langar í jólagjöf.“

Afhverju ætti jólasveinninn að koma til þín?

„Af því ég er góður strákur,“ svarar Tóbías brosandí.“

Er erfitt að biða eftir jólunum?

„Nei, ekkert svo.“

Hver er uppáhaldsjólamyndin þín?

„Home Alone finnst mér ótrúlega skemmtileg.“



Kertasníkir í uppáhaldi
Baltasar Breki Jónsson, 9 ára
Baltasar Breki segir biðina eftir jólunum ekki erfiða. Í það minnsta ekki þegar hann er úti að leika í snjónum.

Afhverju höldum við jólin?

„Bara til að hafa gaman, held ég.“

Hvað borðar þú á jólunum?

„Hangikjöt, grænar baunir og alls

konar og það er mjög gott.“

Hver er uppáhaldsjólasveinninn þinn?

„Örugglega Kertasníkir, sem kemur seinastur.“

Er eitthvað sérstakt sem þú gerir til að stytta biðina?

„Ég leik mér í snjónum og ef það er ekki snjór þá teikna ég alls konar jóladót.“

Hver er uppáhaldsjólamyndin þín?

„The Holiday.“



Má ekki fá hund í jólagjöf
Óskar Dór Davíðsson, 9 ára
Óskar Dór segir samveru með fjölskyldunni vera það besta við jólin en biðina eftir Kertasníki, sem gefur honum oftast náttföt, og jólunum, stytir hann með því að leika sér í snjónum.

Afhverju höldum við jól?

„Ég veit það ekki alveg.“

Hvað er best við jólin?

„Að vera með fjölskyldunni minni.“

Hvers óskar þú þér í jólagjöf?

„Ég veit það ekki alveg, en ég veit að ég má ekki fá hund.“

Hvað færðu í matinn á aðfangadag?

„Man ekki alveg hvað það heitir ... jú, rjúpur og kartöflur.“

Hvað gerirðu á meðan þú biður eftir jólunum?

„Ég hef gaman með því að búa til snjóhús eða snjókarl. Annars horfi ég á jólamynd inni eins og Home Alone sem er uppáhalds.“



Pabbi með hefðir frá Danmörku

Freyja Lillý A. Danielsdóttir, 8 ára
„Það er hátíð,“ segir Freyja Lillý hugsi þegar hún er spurð hvað jólin séu.

Afhverju höldum við jól?

„Ég veit það ekki.“

Hvað er best við jólin?

„Að vera með fjölskyldunni minni. Systir mín á afmæli á aðfangadag og við gerum eitthvað skemmtilegt saman, eins og að fara á skauta.“

Hvers óskar þú þér í jólagjöf?

„Mig langar í einhverja bók kannski eða föt.“

Hvað færðu í matinn á aðfangadag?

„Kjöt og ris a' lamande og eitthvað. Við erum með danskar hefðir þar sem pabbi minn kemur frá Danmörku.“

Er erfitt að biða eftir jólunum?

„Já, svolítið en við gerum eitthvað skemmtilegt saman til að stytta biðina.“

Myllu heilkornabrauð
LÍFSKORN
Lífskorn færir þér máltíð af akrinum



Ekkert hvítt hveiti, ekkert ger

Notaðu heilsugott Lífskorn fyrir aðventu-smurbrauðið

Hugsaðu um heilsuna á aðventunni og veldu heilkorna Lífskorn fyrir smurbrauðið. Búðu til heilsugóðar smurbrauðssneiðar með jólasíld, laxi eða hvað þér þykir best. Notaðu heilsugott Lífskorn með 7 tegundum af fræjum og kornum; hafröflögur, sólblómafræ, hörfræ, rúgkjarnar, graskersfræ, sesamfræ, speltthveiti.

rúgkjarnar, graskersfræ, sesamfræ og speltthveiti. Inniheldur ekkert hvítt hveiti og ekkert ger.

Ræktaðu huga og líkama í desember
- fáðu þér heilkorna Lífskorn.

Lífskorn er gott dæmi um nýsköpun í íslenskrari matargerð:



VÆNTANLEGT
Á NYJU ÁRI

HEILSUGOTT FYRIR
SMURBRAUÐIÐ

Mikilvægt er að lítið samfélag okkar Íslendinga geti treyst á sjálfstæða innlenda framleiðslu. Myllan er ferskvöruframleiðandi sem skilur að samfélagið þrífst best á fjölbreyttri matarmenningu.



Stöðug vöruþróun Myllunnar skilar okkur íslensku úrvali af ferskvörum í besta gæðaflokki. Skoðaðu hvaðan maturinn kemur - leitaðu eftir Myllu-merkinu! Myllan, þaðan sem nýtt kemur. Skoðaðu vöruúrvalið á: myllan.is



Alltaf nýbakað
síðan 1959


> skoðaðu: myllan.is

Metsölulisti


Vikuna 8. - 14. desember



1 Sigurverkið
Arnaldur Indriðason



2 Sextíu kíló
af kjafthöggum
Hallgrímur Helgason



3 Lok lok og læs
Yrsa Sigurðardóttir



4 Úti
Ragnar Jónasson




5 Orri óstöðvandi
Bjarni Fritzon



6 Merking
Fríða Ísberg



7 Salka Tölvuheimurinn
Bjarni Fritzon



8 Bannað að eyðileggja
Gunnar Helgason



9 Allir fuglar fljúga í ljósið
Auður Jónsdóttir



10 Rætur
Ólafur Ragnar Grímsson



Stofnfélagar Omicron samankomnir í maí 2007: Örn Almarsson gítarleikari, trommarinn Bergur Helgason og Dagur Hilmarsson bassaleikari.
MYND/ADSEND

Rokkaði frá Omicron yfir í Covid-varnir hjá Moderna

Hljómsveitin Omicron tók þátt í Músíktílaunum 1983 og þá óraði sextán ára gamlan gítarleikarinn, Örn Almarsson, ekki fyrir að hann ætti eftir að koma að þróun bólu-efnis gegn afbrigði af kórónaveirunni sem nefnt yrði eftir gömlu hljómsveitinni.

toti@frettabladid.is

Vandséð er hvort tilviljanir eða örlagadyntir hafi ráðið því að Örn Almarsson, sem spilaði sextán ára á gítar með hljómsveitinni Omicron, myndi löngu síðar koma, sem efnafræðingur hjá Moderna, að þróun bólu-efnis gegn kórónaveirunni, sem síðan leiddi af sér afbrigði sem hlaut sama nafn og hljómsveitin hans.

Örn stofnaði Omicron ásamt þeim Bergi Helgasyni trommara og Degi Hilmarssyni bassaleikara og eftir að nafnið var komið á sveitina bættist síðan hljómborðsleikarinn Stefán Gunnarsson í hópinn.

„Við Bergur vorum í leit að háfleygu visindalegu nafni og grískur bókstafur sem er lítið notaður í samanburði við alfa, omega og síka, varð fyrir valinu. Þetta er litla o-ið, meðan oþega er stóra o-ið,“ segir Örn, sem starfaði hjá Moderna á árabílinu 2013-2020 við þróun og rannsóknir á mRNA lyfjum og bólu-efnum.

„Ég flutti heim með gítarinn frá Danmörku 1982 og var að leita að hljómsveit til að spila með, þegar ég heyrði af Bergi Helgasyni tromm-

ara, en við vorum í Flensborg á sama tíma,“ segir Örn um upphaf Omicron.

„Dag þekkti ég frá æskuárunum á Álfaskæði í Hafnarfirði og við þrír byrjuðum sem tríó og vorum alltaf mest instrumental og í rauninni engir söngvarar, þótt ég hafi sungið í kórnum í Flensborg allan minn tíma þar. Stebbi var í MR og þótti góður hljómborðsleikari og hann bætti mjög sándið hjá okkur.“

Þögnin rofin

Omicron tók þátt í Músíktílaunum Tónabæjar 1983 en komst þó ekki í úrslit. Sama ár tróð Omicron upp, á tónleikunum Þögnin rofin með The Icelandic Seafunk Corporation og Singultus. Í umfjöllun DV um tónleikana voru líkur leiddar að því að hljómsveitarnöfnin bæru með sér að: „hinir ungu ofurhugar hyggja á heimsfrægd.“

Heimsfrægdin lét eitthvað á sér standa, en nafn hljómsveitarinnar hefur nú sprungið út í óvæntar víddir. Er orðið vægast sagt heimsfrægt og alræmt að auki.

Týnda sándið

Örn segist enn halda sambandi við Dag bassaleikara og bendir aðspurður á að ólíklegt sé að óvænt heimsfrægd Omicron verði til þess að sveitin komi saman á ný.

„Ég hef búið í Bandaríkjunum í 32 ár þannig að „reunion“ myndi kosta töluverða vinnu.“

Öllu verra er síðan að einu heimildirnar um Omicron liggja í blaða-

úrklippum og gömlum fréttum.

„Þótt til séu blaðaúrklippur og annað þá man ég ekki eftir upp-tökum, þannig að sándið er týnt. Því miður týndist allt það stöf í flutningum fyrir rúmlega tveimur áratugum. Gámur með gíturum og öllu.“

Þegar Omicron leystist upp 1984 fór Dagur yfir í Rikshaw þar sem Richard Scobie var fremstur í flokki, en Hallur Helgason dró Örn í hafnirsku gleðisveitina Káta pílta.

Baka til meðal jafningja

„Ég var í þeirri skrautlegu sveit í gegnum háskólann heima og þangað til ég flutti til Bandaríkjanna 1989 í framhaldsnám,“ segir Örn, sem kom síðan heim 1992 til þess að taka upp seinni plötu Kátra pílta.

„En ég var í miðju doktorsnámi í Kaliforníu og gerði ekkert „kombakk“ þarna. Brynja, konan mín, er líka úr Firðinum og við höfum búið hér vestra með börnunum okkar þremur alla tíð síðan Brynja kom út 1990.“

Þau hafa undanfarin ár búið í háskólabænum Cambridge í Massachusetts, þar sem Örn starfaði hjá Moderna þar til í fyrra. „Ég hef til-einkað starfsferilinn svona vinnu, enda getað nýtt efnafræðina og leiðtogahefuleikana í þessum geira. Ég er hins vegar ekki neinn „band-leader“ og vildi gjarnan vera dularfulli náunginn í bakgrunninum.“ ■

Nánar á frettabladid.is

GDRN kastar Covid-bölvuninni

odduraevar@frettabladid.is

Tónlistarkonan Guðrún Ýr Eyfjörð, þekktust sem GDRN, og píanóleikarinn Magnús Jóhann, eru með tónleika í Safnahúsinu í kvöld, þar sem þau spila meðal annars lög af væntanlegri plötu.

GDRN segir að hátíðarstemning muni svífa yfir vötnum, en þetta verða fyrstu tónleikar hennar í dagóðan tíma. „Ég held að síðustu almennilegu tónleikar sem ég hélt hafi verið útgáfutónleikarnir mínir í september. Svo fékk ég bara Covid í nóvember þannig að hann var svolítið out hjá mér, þannig að þetta er svona comeback í desember.“

Söngkonan segist hafa jafnað sig



GDRN snýr aftur með nýtt efni.

að fullu og að undirbúningurinn fyrir veislu kvöldsins hafi gengið vel. „Þetta verður rosa kósí jólafus-ión hjá okkur,“ segir GDRN, en lög af nýrri plötu sem þau Magnús eru með í vinnslu verða flutt í fyrsta sinn á tónleikunum.

„Það verða jólalög, lög af plötunni GDRN og svo erum við að vinna í lítilli plötu með sönglögum sem við höldum mikið upp á.“ Platan er langt komin en þau hafa þó ekki ákveðið hvenær hún kemur út.

Óheppnin hefur elt GDRN, en skömmu eftir að síðasta plata kom út í fyrra skall á heimsfaraldur. „Þannig að ég var svolítið brennd eftir síðustu útgáfu,“ segir hún hlæjandi, enda komu samkomutakmarkanir í hvert skipti sem hún tilkynnti nýja dagsetningu fyrir útgáfutónleika. „Það virðist hvíla einhver Covid-bölvun á mér,“ hlær hún og bætir við að vonandi skelli ekki á nýr heimsfaraldur eftir útgáfu nýju plötunnar. ■

BYKO

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.
Tilboð gilda til 24. desember eða á meðan birgðir endast

20%
afsláttur
Allar jólavörur



Stafafura frá Skógræktinni



Stafafura
100-150 cm
3.720 kr.

vnr. 41140101

Almennt verð: 4.650

Stafafura
151-200 cm
7.160 kr.

vnr. 41140104

Almennt verð: 8.950

Fæst í
öllum
verslunum
BYKO

Þú finnur
**Jólagjafa-
handbókina**
á byko.is



BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN



Verslaðu á netinu á byko.is

Bakþankar

Stefáns Ingvars Vígússonar



Móment

Ég átti smá móment um daginn með Hófi kærustunni minni og eldri konu.

Við vorum í göngutúr í Stokk-hólmi og stoppuðum hjá lítilli kirkju þarna einhvers staðar í Södermalm. Það var sunnudagur, klukkan var þrjú og það var smá kalt. Hjá kirkjunni voru runnar og í runnunum voru litlir fuglar og litlu fuglarnir voru að tína berjaafganga af runnunum. Við Hófi stóðum og horfðum á runnana og fuglana og Hófi sagði að það væru allavega tíu fuglar þarna og þegar ég var að telja þá gekk hún tröppurnar, eldri konan. Hún stóð með okkur um stund og horfði á runnana og fuglana og okkur til skiptis og við horfðum á hana og fuglana og hana og runnana og í smá stund horfðum við á hana og hún á okkur. Hún brosti til okkar og gekk inn í kirkjuna, af baksvípnum að dæma brosti hún alla leiðina inn.

Ætli hún fari ekki í kirkju alla sunnudaga? Ætli hún hitti ekki vini sína þar? Ætli henni þyki það ekki friðsælt, að sitja þarna? Ætli hún hafi ekki skoðun á prestinum sem hún deilir með fjölskyldu sinni? Kannski hringir hún í dóttur sína eftir messu alla sunnudaga, verkfræðinginn dóttur sína, og segi henni um hvað predikunin snerist. Kannski gerir hún það í veikri von um að dóttir hennar fylgi henni til messu næsta sunnudag. Kannski í enn veikari von um að fá barnabörnin með en: „Nei mamma, við ætlum þeim veraldlegt uppeldi. Við erum afhuga kirkjunni.“ Ætli hún hafi talað um þetta móment okkar við dóttur sína? Kannski man hún samt ekkert eftir okkur. Ég man allavega eftir runnunum og fuglunum og henni. ■

Gleðilegt gláp!

Ætlarðu að njóta jólanna með félögunum, kæró eða krökkunum og eiga notalega stund í sófanum? Þú finnur allskonar glápgræjur hjá okkur til að horfa á jólamyndirnar.

Biókort NOVA
Skannaðu mig!

Kaup- auki

Nova Biókort
4.690 kr.

Samsung Galaxy S21+ 128GB
185.990 kr.

Samsung Galaxy Tab A7 Lite
að verðmæti 29.990 kr.

Apple iPhone 13 128GB
159.990 kr.

30.000 króna afsl.

Samsung The Frame QLED 50"
169.990 kr.
~~199.990 kr.~~

Apple TV 4K 2021 32GB
33.990 kr.

Jibbí á 0 kr. í desember!

Við elskum jólin og langar að njóta þeirra með þér og fjölskyldunni. Þess vegna er Jibbí á 0 kr. í desember á NovaTV! **Skoðaðu þig um — það er allt á íslensku!**

nova.is

NOVA

ULLARJAKKAR

ICELANDIC WOOL

BYLTINGÁ HEIMSVÍSU
NÁTTÚRUVÆN EINANGRUN
ÚR ÍSLENSKRI ULL

ICEWEAR ICELAND

icewear.is